

**VIÐAUKI A    JARÐFRÆÐI, GRÓÐURFAR OG FUGLALÍF Á ÁHRIFASVÆÐI  
HÓLSVIRKJUNAR**



# Jarðfræði, gróðurfar og fuglalíf á áhrifasvæði Hólsvirkjunar



Sigprúður Stella Jóhannsdóttir, Aðalsteinn Örn Snæpórsson og Þorsteinn Sæmundsson

September 2016

N á t t ú r u s t o f a  
N o r ð a u s t u r l a n d s

## **JARÐFRÆÐI, GRÓÐURFAR OG FUGLALÍF Á ÁHRIFASVÆÐI HÓLSVIRKJUNAR**

Sigprúður Stella Jóhannsdóttir, Aðalsteinn Örn Snæþórsson og Þorsteinn Sæmundsson

Unnið fyrir Arctic Hydro

NNA-1604

Húsavík, september 2016



**Náttúrustofa**  
Norðausturlands

 Náttúrustofa NORÐAUSTURLANDS		Hafnarstétt 3 640 Húsavík Sími: 464 5100	www.nna.is nna@nna.is
<b>Skýrsla nr.</b> 1604	<b>Dags.</b> September 2016	<b>Dreifing</b> Rafrænt	
<b>Heiti skýrslu/aðal- og undirtitill:</b> Jarðfræði, gróðurfar og fuglalíf á áhrifasvæði Hólsvirkjunar		<b>Upplag:</b> <b>Síðufjöldi:</b> 30 <b>Fjöldi korta:</b> <b>Fjöldi viðauka:</b>	
<b>Höfundar:</b> Sigbrúður Stella Jóhannsdóttir <sup>1</sup> , Aðalsteinn Örn Snæþórsson <sup>1</sup> og Þorsteinn Sæmundsson <sup>2</sup>			
<b>Unnið fyrir:</b> Arctic Hydro			
<b>Samvinnuaðilar:</b> 1) Náttúrustofu Norðausturlands, 2) Háskóli Íslands			
<b>Útdráttur:</b> Arctic Hydro áformar að reisa um 5,0-5,5 MW rennslisvirkjun í Hólsá í Fnjóskadal. Við fyrirhugaða virkjun verður Gönguskarðsá stífluð í Gönguskarði og Hólsá stífluð í Hólsdal en fyrirhugað er að virkja 2,6 m <sup>3</sup> /s. Vatnið verður leitt í pípum yfir Háls að stöðvarhúsi sem yrði staðsett ofan Þjóðvegur, norðan við heimreið að bæjunum Ytra- og Syðra-Hóli. Náttúrustofa Norðausturlands var fengin til að gera grein fyrir jarðfræði, gróðurfari og fuglalífi á áhrifasvæði virkjunarinnar.  Bæði lónin og pípurarnar að Hálsi yrðu lagðar yfir óraskað land þar sem koma fyrir landform mynduð af framburði hinnar fornu jökulár og núverandi áa. Þrýstipípan milli Ytri-Hóls og Garðs yrði grafin í gegnum strandlínur hinna fornu jökullóna dalsins og hjallana fyrir neðan sem í dag er að mestu leyti óraskað land og eru hluti af setlögum og landformum tengdum sögu jökulhörfunar í Fnjóskadal. Töluverð ummerki snjóflóðavirkni er að finna í námunda við fyrirhuguð lónsstæði og ber að hafa það í huga ef fólk er þar á ferð á veturna. Einn foss er neðarlega í Árbugsá og myndi rennsli um hann minnka með tilkomu virkjunarinnar.  Helstu gróðurlendi sem mannvirki Hólsvirkjunar fara um eru fremur vel gróin mólendi, votlendi og melar. Framkvæmdin mun hafa í för með sér rask í þeim gróðurlendum sem farið er yfir. Áhrifin eru minnst á melum en meiri í vel grónu mólendi og votlendi. Þrýstipípan mun m.a. liggja í jaðri votlendis sem er stærra en 20.000 m <sup>2</sup> að flatarmáli en votlendi af þeirri stærð eða stærri njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 60/2013, með síðari breytingum. Blæösp vex í nágrenni framkvæmdasvæðisins en tegundin er flokkuð sem tegund í yfirvofandi hættu á válista Náttúrufræðistofnunar Íslands. Framkvæmdin er ekki talin hafa áhrif á blæösp og búsvæði hennar né á aðrar plöntutegundir á válista á svæðinu.  Fuglalíf á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði Hólsvirkjunar er ekki talið sérstakt, hvorki á lands- eða héraðsvísu. Skert rennsli Árbugsár gæti haft neikvæð áhrif á gæði búsvæða straumanda og gulanda en báðar þessar tegundir eru á válista. Áhrifin eru þó talin lítil.			
<b>Lykilorð:</b> Hólsvirkjun, Fnjóskadalur, jarðfræði, gróðurfar, fuglalíf		<b>Yfirfarið:</b> PLP	

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	2
Bakgrunnur og aðferðir .....	2
Rannsóknasvæðið.....	2
Jarðfræði.....	4
Gróður .....	4
Fuglar .....	5
Niðurstöður og umræður .....	6
Jarðfræði.....	6
Gróður .....	14
Fuglar .....	29
Samantekt .....	32
Þakkir .....	33
Heimildir .....	34

## Inngangur

Arctic Hydro áformar að reisa 5,0-5,5 MW rennslisvirkjun í Hólsá í Fnjóskadal (Skírnrir Sigurbjörnsson, 2016a) og er virkjunin tilkynningaskyld (Skipulagsstofnun 2011). Við fyrirhugaða virkjun verður Gönguskarðsá stífluð í Gönguskarði og Hólsá stífluð í Hólsdal en fyrirhugað er að virkja 2,6 m<sup>3</sup>/s (Skírnrir Sigurbjörnsson 2016a). Gert er ráð fyrir að tengja 1250 m aðrennslispípu frá Gönguskarði, sem getur borið um 1,5 m<sup>3</sup>/s (Skírnrir Sigurbjörnsson 2012), við aðrennslispípu frá stíflu í Hólsá um 940 m norðan við stífluna í Hólsá (Árni Sveinn Sigurðsson 2016). Þrýstipípan frá stíflu í Hólsá (hærri stíflan) verður 4750 m löng (Árni Sveinn Sigurðsson 2016) og kemur til með að liggja yfir Háls og niður að stöðvarhúsi sem staðsett verður ofan Þjóðvegur, norðan við heimreið að bæjunum Ytri- og Syðri-Hóli (1. mynd). Frá stöðvarhúsi verður frárennslíð leitt í yfirbyggðum skurði/ræsi að Þjóðvegi og síðan í opnum skurði (um 100 m) frá Þjóðvegi og út í Fnjóská (Skírnrir Sigurbjörnsson 2016b).

Gert er ráð fyrir lagningu vegar frá heimreið Ytri-Hóls í norður að þrýstipípunni og mun vegurinn fylgja henni síðan að mestu að stíflunni í Hólsá annars vegar og stíflunni í Gönguskarðsá hins vegar (1. mynd) (Árni Sveinn Sigurðsson 2016).

Náttúrustofa Norðausturlands var fengin til að gera grein fyrir fuglalífi, gróðurfari og jarðfræði á áhrifsvæði virkjunarinnar og fer sú lýsing hér á eftir.

## Bakgrunnur og aðferðir

### Rannsóknasvæðið

Árbugsá er dragá sem fellur í Fnjóská skammt frá bænum Þverá efst í Dalsmynni. Upptök hennar eru í fjalllendu austan Fnjóskadals. Nokkur hluti vatnsins kemur norðan af Flateyjarðalsheiði en efstu upptök hennar koma úr gagnstæðri átt, úr Finnsstaðadalsá, suður af Finnsstaðadal. Finnsstaðadalsá verður síðar að Hólsá á leiðinni til Fnjóskár og rennur Gönguskarðsá í hana nokkru neðan við Gönguskarð. Eftir það heitir sameinað vatnsfallið Árbugsá en það rennur í norðvestur frá Hólsdal þar til það skiptir um stefnu í svonefndum Árbug og rennur þá í suðvestur niður í Fnjóská (Skírnrir Sigurbjörnsson 2012).

Rannsóknasvæðið nær frá Fnjóská og upp hlíðar Fnjóskadals, norðan og austan Ytri-Hóls, allt upp í Hólsdal og Gönguskarð (1. mynd). Vestasti og nyrsti hluti rannsóknasvæðisins, frá Fnjóská og upp hlíðarnar, einkennist af mishæðóttu landi með lítt grónum hæðum og vel grónum lægðum þar sem graslendi, fjalldrapamói, víðimói og stöku birkiplöntur einkenna gróðurfarið. Skammt ofan bæjarins Ytri-Hóls er votlendi en þar fyrir ofan taka við fjalldrapamóar með stöku votlendisblettum, einstaka tjörnum og melakollum. Í Hólsdal, vestan Hólsár hallar landið niður að ánni (2. mynd). Þar teygja votlendistungur sig upp og niður hlíðarnar, allt niður að Hólsá og nokkrir smálækir renna í ána. Á milli votlendissvæða eru vel grónir fjalldrapamóar, snjóðældir með aðalbláberjalyngi og stöku melkollar. Vestan Hólsár, á móts við ármót Gönguskarðsár og Hólsár er stór og samfelld hallamýri. Fast við hana að sunnan eru gömul beitarhús. Svæðið austan Hólsár, norðan Gönguskarðsár, er einnig blautt og er greinilegt á gróðurfari að svæðið allt er mjög snjóþungt. Svæðið austan Hólsár, sunnan Gönguskarðsár er hinsvegar fremur þurr og einkennist af mólendi með fjalldrapa og beitylengi en einnig er gróðurþekja rofin á hæðum og melar blasa við.



1. mynd. Rannsóknasvæði Hólsvirkjunar í Fnjóskadal. Vegur er settur inn með gráum lit, leið þrýstipiunnar með bláum lit og efnistökusvæði með rauðum lit. Gamall síði er merktur með svartri brotalínu.



**2. mynd.** Horft til vesturs yfir Hólsdal og Hólsá. Gönguskarð með Gönguskarðsá neðst á myndinni. Ármót þeirra eru hægra megin á myndinni (Ljósm. Árni Sveinn Sigurðsson) .

### Jarðfræði

Samantekt sem hér fer á eftir fjallar um jarðfræðilegar aðstæður á fyrirhuguðu virkjunarsvæði Hólsár (1. mynd). Hún byggir meðal annars á samantekt um jarðfræði svæðisins eftir Björn Hróarsson (Björn Hróarsson 1992) og doktorsverkefni Hreggviðar Norðdahl um hörfun jökla og myndanir jökullóna í Fnjóskadal (Hreggviður Norðdahl 1982, 1983). Að auki voru aðstæður skoðaðar í vettvangsferð 30. júlí og 1. ágúst 2012.

### Gróður

Farið var á rannsóknasvæðið 30. júlí 2012, 7. júní 2016 og 9. ágúst 2016. Í fyrstu ferð var gengið um mannvirkjasvæðið og farið eftir hnitum fyrir eftirfarandi mannvirki eins og þau voru uppgefin 2012.

- Stöðvarhús.
- Frárennslisskurður.
- Þrýstipípa frá stöðvarhúsi að stíflu í Hólsdal.
- Aðrennslispípa frá Gönguskarði yfir í Hólsdal.
- Stífla í Hólsdal.
- Stífla í Gönguskarði.
- Vegur.

Sumarið 2016 var gengið eftir stikaðri leið þrýstipípu og vegar upp hlíðar Fnjóskadals að stíflu í Hólsdal. Í ferð 7. júní 2016 var útbreiðsla blæspar á svæðinu einnig skoðuð með Starra Heiðmarssyni fléttufræðingi hjá Náttúrufræðistofnun Íslands. Gróðurfar var skoðað, helstu einkenni skráð og teknar ljósmyndir. Áhrif framkvæmdanna á mismunandi gróðurlendi og grunnvatnstöðu voru metin. Framkvæmdasvæðið var einnig skoðað á korti og borið saman við afmörkun gróðurreita skv. reitakerfi Íslands (Flóra Íslands 2016). Til að kanna hvort sjaldgæfar háplöntur á valista væru á svæðinu, voru þekktir plöntulistar háplantna fyrir þá fjóra gróðurreiti sem framkvæmdasvæðið er innan skoðaðir. Leitað var til Harðar Kristinssonar, fléttufræðings hjá Náttúrufræðistofnun Íslands með nákvæmari staðsetningar fyrir þær sjaldgæfu háplöntur sem skráðar voru í reitunum. Einnig var leitað til



Sæmundar Sveinssonar hjá Landbúnaðarháskóla Íslands og Rúnars Ísleifssonar skógarvarðar á Vöglum með nákvæmari staðsetningu á vaxtarstöðum blæspar.

### Fuglar

Fuglatalningar, bæði á mófuglum og vatnafuglum ásamt almennum athugunum, fóru fram 21. júní 2012 og 7 júní 2016. Við gróðurathuganir þann 30. júlí 2012 og 9. ágúst 2016 var einnig litið eftir fuglum þó talningar færu ekki fram. Þeim tegundum sem búist var við að nýttu rannsóknasvæðið eða gætu orðið fyrir áhrifum af fyrirhugaðri framkvæmd var skipt í þrjá hópa eftir búsvæðum. Mismunandi aðferðum var svo beitt við athuganir á hverjum hópi.

Fyrsti hópurinn eru mófuglar, þ.e. fuglar sem hafa viðurværi sitt á þurrlandi og mýrum. Þetta eru tegundir eins og vað- og spörfuglar, kjói og rjúpa. Hægt er að meta þéttleika mófugla með punkttalningu (sjá t.d. Yann Kolbeinsson o.fl. 2015) en til að fá nákvæmni í slíkar mælingar þarf marga talningapunkta sem gerir talninguna tímafreka. Í stað þess var ákveðið að telja á færri punktum til að fá tilfinningu fyrir tegundasamsetningu og fjölda fugla sem búa á svæðinu. Talningin fór fram 21. júní 2012 og var gengið eftir fyrirhugaðri leið þrýstipípu frá Fnjóská að Hólsá og þaðan að Gönguskarðsá og talið á punktum með 500 m millibili. Fyrsti punkturinn var ákveðinn á staðnum en hinir miðuðust út frá honum. Á hverjum punkti var dvalið í nákvæmlega 5 mínútur og allir fuglar sem sástu eða heyrðist í voru skráðir niður og fjarlægð í þá mæld eða metin. Áhersla var lögð á þá fugla sem voru í allt að 200 m fjarlægð frá athuganda. Auk þess voru aðrir fuglar sem sástu á leiðinni skráðir niður, sem og búsvæði sem farið var um.

Vatnafuglar eru annar hópur sem fyrirhuguð virkjun gæti haft áhrif á. Áhrifanna mun þá fyrst og fremst gæta frá stíflumannvirkjum og niður eftir ánni þar sem vatnsstreymi mun minnka. Til að kanna vatnafugla á svæðinu voru fuglar taldir á Hólsá og Gönguskarðsá frá fyrirhuguðum lónum og niður að ármótum og svo áfram niður eftir Árbugsá til ósa við Fnjóská. Þann 21. júní 2012 gekk einn athugandi niður með ánni frá fyrirhuguðum lónum niður að Árbug. Á sama tíma taldi annar athugandi fugla á neðri hluta ársinnar, frá ósi við Fnjóská að Árbug. Sá taldi úr bíl af vegi í Flateyjardal (F899) en þar sem ekki sást í ána frá vegi var gengið eftir bakkanum til að ná yfirsýn. Önnur talning var framkvæmd þann 7. júní 2016 en þá gekk athugandi með ánni frá brú á Þjóðvegi 835 og upp undir fyrirhugaða stíflu í Hólsdal.


Til þriðja hópsins teljast svo klófuglarnir (ránfuglar og hrafn) sem verpa í klettum. Skimað var eftir ummerkjum um varp þeirra samhliða öðrum fuglaathugunum. Þá var athugað með heimildir um varp sjaldgæfra fugla á svæðinu.

## Niðurstöður og umræður

### Jarðfræði


#### Berggrunnur

Nokkuð hefur verið ritað um jarðfræði Flateyjarskagans, berggrunnur svæðisins er nokkuð flókinn í uppbyggingu og endurspeglar flókna sögu gosbeltaflutninga og misgengishreyfinga. Ágætis yfirlit er yfir jarðfræði svæðisins eftir Björn Hróarsson og einnig má skoða legu jarðmyndana og aldur á jarðfræðikorti eftir þá Hauk Jóhannesson og Kristján Sæmundsson (Björn Hróarsson 1992, Hauk Jóhannesson og Kristján Sæmundsson 1989). Auk þess hefur mikið verið ritað um jarðskjálfta á Tjörnesbrotabeltinu en sú saga verður ekki rituð hér.



**3. mynd.** Megin drættir í jarðfræði Norðurlands og legu forns gosbeltis um Húnavatnssýslur (Björn Hróarsson 1992).

Upphleðsla berggrunnins á Flateyjarsakaga hófst fyrir um 13-15 milljónum ára, á þeim tíma sem rek- og gosbelti landsins lágu um núverandi Húnavatnssýslur (3. mynd). Megin hluta berggrunn Flateyjarskaga má rekja til upphleðslu í þessu rek- og gosbelti. Jarðlög sem mynduðust í þessari myndun halla til vesturs í átt að þessu forna gosbelti og tilheyra eldri hluti berggrunnins. Aldursgreiningar berglaga benda til þess að upphleðslan hafi staðið yfir frá 13 - 9,5 milljónum ára og er þar með hluti af elsta bergi á Norðurlandi. Útbreiðsla þessarar myndunar er aðallega á utanverðum skaganum, en myndunin yngist eftir því sem sunnar dregur (4. mynd). Fyrir um 6-7 milljónum ára fluttist eldvirknin austur á bóginn að núverandi rek- og gosbelti sem oft er nefnt Norðurgosbeltið. Berg sem myndaðist í því gosbelti myndar yngri hluta berggrunn Flateyjarskagans og kemur fyrir á austurhluta hans. Aldur þessarar myndunar er 6,5 – 2,2 milljónir ára og í henni koma fyrir elstu hraun í núverandi Norðurgosbelti. Andhverfa liggur eftir skaganum utanverðum frá suðvestri til norðausturs og endurspeglar upphleðslu berglaga í þessum mismunandi rek- og gosbeltum (3. og 4. mynd) (Björn Hróarsson 1992).



**4. mynd.** Einfaldað jarðfræðikort af Flateyjarskaga sem sýnir útbreiðslu mismunandi jarðlagaeininga, aldur þeirra og legu andhverfuáss sem gengur þvert yfir skagan (Björn Hróarsson 1992).

Við þennan rekbeltaflutning myndaðist mjótt þversprungubelti sunnan við það sem kallað er Tjörnesblokkinn, er það nefnt Flateyjarmisgengið. Sniðgengisfærsla um þetta þverbrotabelti hefur numið allt að 60 km og sýnir berggrunnurinn á utanverðum skaganum þess glögg merki enda sundurmaskaður og alsettur misgengjum. Í lok upphleðslutímans dró úr virkni Flateyjarmisgengisins og Tjörnesbrotabeltið myndaðist (3. mynd) (Björn Hróarsson 1992).

Fyrirhugað virkjunarsvæði er staðsett í yngri hluta berggrunns á austurhluta skagans og nefnist sú myndun Kinnafjallabasaltið. Í þeirri berglagasyrpu hallar hraunlögum til austurs í átt að núverandi rek og gosbelti (4. mynd).

### *Landmótun og laus jarðlög*

Frá því að upphleðsla berggrunnsins á Flateyjarskaga lauk hafa roföfl tekið yfirhöndina, svo sem jökulrof, sjávarrof og árrof. Samfara kólnandi veðurfari á síðastliðnum 2-3 milljónum ára hefur skipst á jökulskeið og hlýskeið og hafa jöklar margsinnis hulið landið og rofið dali og firði. Flateyjadalsskagi er engin undantekning þar á og ber landslag skagans þess glögg merki. Stærstu drættir í landslagi skagans eru jökulsornfir dalir sem liggja í norður - suður stefnu. Þar eru Fnjóskadalur, Flateyjardalur og Hvalvatnsfjörður mest áberandi. Önnur stefna dala kemur fyrir á skaganum, í norðvestur – suðaustur stefnu, má þar helst nefna Ljósavatnsskarð og Dalsmynni. Landslag á fyrirhuguðu virkjunarsvæði ber svipuð merki jökulrofs, annars vegar Hólsdalur í norður – suður stefnu og Gönguskarð og Finnsstaðadalur í norðvestur – suðaustur stefnu (4. mynd).

Við hámarksútbreiðslu jökla á síðasta jökulskeiði, fyrir um 18-20.000 C14 árum síðan, var Ísland allt hulið þykkum jökli og er talið að jökulbrúnin hafi náð út að landgrunnsbrún (sjá t.d. Hreggviður Norðdahl og félagar 2008, Halldór G. Pétursson og félagar 2015). Við hlýnandi veðurfar hörfuðu jöklar og gengu inn fyrir núverandi strandasvæði landsins. Hlýnunin var ekki stöðug og gengu jöklar fram og hopuðu á víxl. Fnjóskadalur er þannig í sveit settur að aðrennsli jökla ofan af hálendi landsins áttu ekki sérstaklega greiðan aðgang að dalnum þó svo að jöklar hafi gengið bæði niður Eyjafjörð og niður Bárðardal. Leysingavatn hefur þó haft greiðari aðgang að dalnum og mynduðust átta kynslóðir jökullóna í dalnum (5. mynd) (Hreggviður Norðdahl 1982, 1983, 2015). Við myndun þessara jökullóna báru jökulár ógrynni sets í lónin og byggðust upp víðáttumikil landform víðs vegar í dalnum. Ummerki þessara jökullóna sjást meðal annars á strandlínunum sem rekja má eftir endilöngum hlíðum dalsins, óseyramyndunum og sethjöllum (6. og 7. mynd). Myndun jökullónanna og tæming þeirra endurspeglar flókið samspil framrásar og hörfunar stórra skriðjökla sem gengu niður Eyjafjörð og Bárðardal og leysingavatns sem safnaðist í Fnjóskadal. Á þeim tímabilum þegar jökull flæddi niður Bleiksmýrardal, Ljósavatnsskarð var stíflað af jökli sem flæddi niður Bárðardal og Eyjafjarðajökullinn náði norður fyrir Dalsmynni og hefti þar með rennsli leysingavatnsins til Eyjafjarðar, mynduðust víðáttumikil jökullón í dalnum. Yfirfall þessara fornu jökullóna hefur verið Flateyjardalsheiði að norðanverðu og var hæð vatnaskilanna í um 183-204 m og það þar með ráðið hæð jökullónanna (5. mynd). Alls er talið að fjögur lón hafi myndast í Fnjóskadal og að þau hafi tæmst á milli (Hreggviður Norðdahl 1982, 1983). Þau setlög og strandlínur sem myndaðar voru í þessum lónum mynda jarðfræðilega heild sem endurspeglar jökulumhverfi sem er einstakt á Íslandi og þó víða væri leitað.


Setlög og landform í norðanverðum Fnjóskadal, Dalsmynni og á nærliggjandi svæðum hafa verið kortlögð, er því til haldgóð þekking á útbreiðslu þeirra og gerð. Megin hluti þeirra myndaðist í jökullónunum en sum þeirra eru mynduð þegar jöklar huldu stærsta hluta skagans (Hreggviður Norðdahl 1982, 1983).



5. mynd. Jökullón í Fnjóskadal og útbreiðsla skriðjökla í Eyjafirði og Bárðardal (kort endurgert frá Hreggviði Norðdahl 1982) (Björn Hróarsson 1992).

Þó nokkur landform tengd jökulhörfuninni er að finna á og við fyrirhugað virkjunarsvæði. Norðan undir Garðsfelli, sem nær upp í um 428 m hæð, kemur fyrir aflangur hryggur sem liggur til norðurs og nefnist Ásar. Þennan hrygg má rekja langleiðina norður að Miðhólum. Hryggurinn er um 260 m hár norðan við Garðsfell og lækkar yfirborð hans til norðurs. Hryggurinn er túlkaður sem malarás sem myndaðist undir jökli sem á þeim tíma flæddi norður Fnjóskadal og út á Flateyjarðalsheiði (6. mynd). Í dag rennur Árbugsá meðfram austari hlið ássins. Sunnan við Austari Króka kemur fyrir óseyramyndun í um 200-210 m hæð. Hún myndaðist úr framburði jökulár sem átti upptök sín í austasta hluta Gönguskarðs og Finnsstaðadal, þegar jökull gekk niður Bárðardal og að hluta til niður í fyrrnefnda dali. Leysingavatn frá jöklinum flæddi niður dalina og var áin á þeim tíma mun meira vatnsfall en Hólsá / Árbugsá eru í dag. Önnur óseyramyndun myndaðist við Ytri-Hól og er yfirborð hennar í um 220 m hæð. Innan við þá


myndun kemur fyrir víðáttumikill strandhjalli neðan við efstu strandlínur lónanna (6. mynd) (Hreggviður Norðdahl 1982, 1983, 2015).



6. mynd. Útbreiðsla setlaga og landforma í norðanverðum Fnjóskadal og á Flateyjardalsheiði (Hreggviður Norðdahl 1982).

Hólsdalur er jökulsorfinn U-laga dalur sem liggur í norður – suður stefnu (8. mynd). Innsti hluti hans greinist í tvo dali, Mjóadal til suðurs og Finnsstaðadal til suðausturs. Dalurinn er afmarkaður af Fornastaðafjalli til vesturs og Grænahnjúk til austurs og ná þau upp í rúmlega 900 m hæð. Nyrðri hluti Grænahnjúks nefnist Gönguskarðsöxl og er vesturhlíð fjallsins alsett giljum, sem hafa verið grafin af aurskiðum og snjóflóðum. Töluverð ummerki eru um snjóflóðavirkni í dalnum. Þar mætti helst telja upptakasvæði og farvegi í austurhlíð dalsins og snjóflóðadyngjur í vesturhlíð hans. Fyrirhugað lónsstæði liggur þó nokkuð norðan við þessa snjóflóðafarvegi. Mynni Gönguskarðs liggur á milli Gönguskarðsaxlar og Engjafjalls sem er 800 til 850 m hátt (9. mynd). Í vesturhlíð Engjafjalls er stór farvegur sem nær upp í efstu brún fjallsins og neðan við hann er stór aurkeila við Selland. Yfirborð aurkeilunnar er þakið grjótdreif sem borin hefur verið fram af snjóflóðum og bendir dreifing þeirra til að snjóflóð geti ná langleiðina niður að ánni. Mikil setlög koma fyrir í mynni dalsins beggja vegna Gönguskarðsárinnar, sem eru mynduð úr framburði hinnar fornu jökulár sem flæddi niður skarðið (10. mynd). Líkt og í Hólsdal koma fyrir áberandi gil og skorningar í báðum hlíðum dalsins. Að norðanverðu í suðurhlíð

Engjafjalls eru mjög áberandi gil rétt innan við fyrirhugað lónsstæði. Þar má bæði greina upptakasvæði og farvegi snjóflóða og aurskriðna og eins grjótdreif í botni dalsins sem borið hefur verið af snjóflóðum (11. mynd). Fyrirhugað lónsstæði liggur nokkru neðan við áhrifasvæði giljanna.



7. mynd. Útbreiðsla setlaga og landforma í Fnjóskadal (Hreggviður Norðdahl 1982).



**8. mynd.** Hólsdalur er U-laga jökulsorfinn dalur og afmarkast að vestanverðu af Fornastaðafjalli og að austanverðu af Grænahnjúk, en nyrsti hluti þess nefnist Gönguskarðsöxl. Nokkuð er um áberandi gilskorninga í austurhlíð dalsins og snjóflóðadyngjur koma fyrir í botni hans (Ljós. Þorsteinn Sæmundsson 2012).



**9. mynd.** Mynni Gönguskarðs liggur á milli Gönguskarðsaxlar, nyrsta hluta Grænahnjúks og Engjafjalls. Miklir sethjallar koma fyrir beggja vegna í mynni dalsins. Í vesturhlíð Engjafjalls er stór aurkeila. Á yfirborði hennar kemur fyrir grjótdreif sem borin hefur verið fram af snjóflóðum og bendir dreifing þeirra til þess að snjóflóð geta náð langleiðina að ánni (Ljós. Þorsteinn Sæmundsson 2012).





**10. mynd.** Horft til norðurs niður farveg Hólsár þar sem hún sameinast Gönguskarðsá og nefnist þá Árbugsá. Í hlíðinni að austanverðu (sem nefnist Selland til hægri á myndinni) kemur fyrir grjótdreif sem borin hefur verið af snjóflóðum úr vesturhlíð Engifjalls (ljósm. Þorsteinn Sæmundsson 2012).



**11. mynd.** Horft út úr mynni Gönguskarðs. Miklir sethjallar koma fyrir beggja vegna dalsins og í botni hans kemur fyrir grjótdreif sem borin hefur verið fram að snjóflóðum sem fallið hafa úr nyrðri hlíð dalsins (ljósm. Þorsteinn Sæmundsson 2012).

Fyrirhuguð virkjun byggir á því að stífla Hólsá og Gönguskarðsá og mynda tvö lón í um 315 m hæð í mynni Gönguskarðs og í Hólsdal við Tungusporð. Þaðan yrðu pípur lagðar til norðvesturs yfir Háls og þaðan yrði þrýstipípa leidd niður hlíðar Fnjóskadals milli Ytri-Hóls og Garðs, með fallhæð um 250 m niður að stöðvarhúsi við Fnjóská í um 60 m hæð.

Gert er ráð fyrir efnistöku á þremur stöðum við farvegi Gönguskarðsár, Árbugsár og við háás Háls. Einnig er gert ráð fyrir efnistöku í hjöllunum neðan við Ytri-Hól í 80-100 m hæð. Ekki kemur fram hversu mikið efni er fyrirhugað að taka úr þessum námum.

Bæði lónin og pípurnar að Hálsi yrðu lagðar yfir óraskað land þar sem koma fyrir landform mynduð af framburði hinnar fornu jökulár og núverandi áa. Þrýstipípan milli Ytri-Hóls og Garðs yrði grafin í gegnum strandlínur hinna fornu jökullóna í dalnum og hjallana fyrir neðan sem í dag eru að mestu leyti óraskað land og eru hluti af setlögum og landformum tengdum sögu jökulhörfunar í Fnjóskadal.

Töluverð ummerki snjóflóðavirkni er að finna í námunda við fyrirhuguð lónsstæði og ber að hafa það í huga ef fólk er þar á ferð á veturna.

Öll mannvirki tengd Hólsvirkjun liggja utan friðlýstra svæða eða svæða á náttúruminjaskrá (<http://ust.is/einstaklingar/nattura/natturuminjaskra/>). Engar jarðminjar sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd (nr. 60/2013) eru innan rannsóknasvæðisins en neðarlega í Árbugsá, um 2 km ofan við ármót hennar við Fnjóská er lítill foss. Hólsvirkjun mun skerða rennsli um þennan foss og því skylt að leita umsagnar Náttúrufræðistofnunar og Náttúruverndarnefndar Þingeyinga áður en framkvæmdaleyfi er veitt (sbr. 57. gr. laga nr. 60/2013). Einnig er rétt að hafa í huga að áhrifasvæði virkjunarinnar og veglagning tengd henni mun hafa töluverð áhrif á ósnortna náttúru.

## **Gróður**

Samkvæmt loftmynd og vettvangsathugunum 2012 og 2016 eru helstu gróðurlendi á fyrirhuguðum mannvirkjasvæðum fremur vel gróin mólendi (fjalldrapa-, lyng- og víðimóar), misblaut votlendi, graslendi og melar sem sumir hafa verið græddir upp.

### *Stöðvarhús og frárennslisskurður*

Stöðvarhús verður staðsett ofan við Þjóðveg, norðan heimreiðar að Hólsbæjum. Það verður staðsett í mólendi sem áður hefur verið raskað vegna vegagerðar. Þar eru fjalldrapi, víðir og birki að koma inn næst vegi (12. mynd).

Yfirbyggður frárennslisskurður mun liggja frá stöðvarhúsi að Þjóðvegi en frá Þjóðvegi að Fnjóská verður hann væntanlega opinn, um 100 m leið (Skírniir Sigurbjörnsson 2016b). Gróðurlendið frá vegi að Fnjóská einkennist af graslendi og mólendi með loðvíði og fjalldrapa (13. mynd).

### *Þrýstipípa og aðrennslispípur*

Þrýstipípan mun liggja frá stöðvarhúsi til austurs og upp hlíðar Fnjóskadals fyrir norðan bæinn Ytri-Hól. Þegar hún kemur upp í Hólsdal mun hún liggja í suðaustur að stíflu í Hólsá. Aðrennslispípa frá stíflu í Gönguskarði mun tengjast inn á hana í Hólsdal. Í fyrstu ferð 2012 var gengið eftir stystu leið milli uppgefina mannvirkjapunkta en í ágúst 2016 var gengið eftir stikaðri leið fyrir mannvirkin. Á leiðinni var farið yfir nokkuð fjölbreytt og misviðkvæm gróðurlendi. Hér á eftir verður gróðurfari á leiðinni lýst í grófum dráttum og viðkvæmum svæðum gerð sérstök skil. Stuðst er við ljósmyndir sem teknar voru í vettvangsferðum 2012 og 2016.

### *Leið þrýstipípu upp hlíðar Fnjóskadals 2700 m*

Frá vegi var farið upp hlíð og inn í gil. Á leiðinni er farið um fjalldrapamóa með hávöxnum víði og stöku birkihríslum. Ríkjandi tegundir eru fjalldrapi, loðvíðir, gulvíðir, fjallavíðir ásamt mismunandi lyngtegundum (12. mynd).



**12. mynd.** Staðsetning stöðvarhúss og upphaf leiðar þrýstipípu, skammt ofan þjóðveggar.



**13. mynd.** Staðsetning frárennisskurðar milli þjóðveggar og Fnjóskár, hægra megin á myndinni.

Fljótlega eftir að komið er inn í gilið liggur leiðin skáhallt upp úr því að norðanverðu og fylgir síðan norðurhlíðum þess upp á gilbarminn og þaðan áfram til austurs. Í giliinu er gróskumikill víðigróður og ungt birki sem var um 2-4 m á hæð (14. mynd). Í hlíðum gilsins var fjalldrapamói og graslendi en þar fyrir ofan tóku við melar sem sumir hverjir voru uppgræddir. Í næsta gili fyrir norðan vex blæösp (*Populus tremula*) (Sæmundur Sveinsson 2016) (15. mynd).



**14. mynd.** Horft til austurs eftir giliinu. Gróskumiklir loðvíði- og gulvíðirunnar ásamt stöku birkihríslum.



**15. mynd.** Vaxtarstaður blæspar í næsta gili norðan við leið þrýstípípu.



**16. mynd.** Horft til vesturs yfir gamalt tún sem nú er alþakið víðirunnum. Þrýstipípan mun liggja yfir melinn milli giljanna og um norðurjaðar túnsins (u.þ.b. þar sem örin bendir).



**17. mynd.** Leið þrýstipípu og vegar upp hlíðar Fnjóskadals, skammt norðan við bæinn Ytri-Hól. Vegur og þrýstipípa koma saman hægra megin við túnið sem sést á myndinni.

Skammt ofan gilsins liggur leið pípunnar um norðurjaðarinn á gömlu túni sem er í raun framræst mýri með skurðum á alla kanta. Uppgröfturinn myndar garða samhliða skurðunum. Túnið er alþakið gróskumiklum gulvíðirunnum en aðrar helstu tegundir eru snarrótarpuntur, brennisóley og fjalldalafífill (16. mynd). Það væri kostur að geta sneitt sem mest fram hjá þessum vöxtulegu víðirunnum. Frá gamla túninu liggur leið pípunnar í hlíðum brattrar brekku sem snýr mót norðri. Þar liggur hún annars vegar um vel gróinn fjalldrapamóa og hinsvegar um mel þar til hún tengist nýjum vegi sem fylgir henni síðan upp hlíðarnar. Fyrir ofan þar sem þrýstipípan og vegurinn koma saman skiptast á vel grónir fjalldrapamóar, graslendi, mýrlendi í lægðum og melar (17. mynd).



**18. mynd.** Upp á brekkubrún. Horft til suðausturs yfir mýri og litla tjörn. Efstu hlíðar Hólsdals í bakgrunni.

Stuttu áður en komið er upp á brekkubrún liggur þrýstipípan upp í gegnum gil. Ofarlega í gílinu er farið yfir mýri sem endar í lítilli tjörn (18. mynd). Í mýrinni eru mosi, starir, mýrelfting og klófífa áberandi ásamt dýjamosa á stöku stað. Í tjörninni mátti sjá þráðnykru, lófót og fergin. Vegurinn fylgir hinsvegar gömlum slóða á þessum kafla. Frá tjörninni mun þrýstipípan liggja um og í jaðri mýrar (< 2 ha) þar til leiðin fer yfir vegstæðið (19. mynd). Á þessum slóðum, norðan við vegstæðið, verður jöfnunarþró en einnig malarnáma úr malarás sem vegur liggur um. Þarna sveigir leiðin í suðaustur og koma þá vegur og leið þrýstipípu saman.

#### *Leið aðrennslispípu frá brekkubrún að stíflu í Hólsdal 2050 m*

Frá brekkubrún munu vegur og aðrennslispípan liggja í suðaustur um mishæðótt land þar sem skiptast á vel grónir fjalldrapamóar, snjóðældir með aðalbláberjalyngi, melkollar, votlendissvæði/hallamýrar og smálækir í lægðum. Stór hallamýri liggur niður að Hólsá að vestan og síðan áfram til norðurs og niður að Árbugsá að vestan, allt framhjá ármótum Gönguskarðsár og Hólsár (20. mynd). Sunnan stóru mýrarinnar teygja minni votlendissvæði/hallamýrar sig upp hlíðarnar vestan Hólsár. Inn á milli votlendissvæðanna ganga tungur með mólendisgróðri. Sum votlendissvæðin virðast nokkuð afmörkuð á yfirborði, með mólendisgróðri inn á milli, en mörg tengjast líklega þar sem grunnvatn streymir á milli þeirra og leitar niður að ánni. Því er erfitt að greina hvar ein mýri byrjar og önnur endar og um leið er



**19. mynd.** Upp á brekkubrún. Þrýstipípan mun liggja eftir og í jaðri mýrar. Vegslóði til hægri. Efstu hlíðar Fnjóskadals í bakgrunni.



**20. mynd.** Hallamýri í Hólsdal. Horft til austurs/suðausturs í áttina að Gönguskarði. Ármót Gönguskarðsár og Hólsár eru rétt vinstra megin við miðja mynd.



**21. mynd.** Horft til norðurs út Hólsdal. Votlendi meðfram Hólsá að vestan. Votlendissvæði teygja sig upp og niður hlíðarnar en inn á milli ganga tungur með fjalldrapa- og víðimóa ásamt melkollum. Rauð ör bendir ca á svæðið þar sem vegur að Gönguskarði mun liggja austur yfir Hólsá. Hinn hluti vegar mun liggja í gömlum slóða meðfram ánni að vestan. Neðst á myndinni mun aðrennslispípa að Gönguskarði liggja austur yfir ána.

erfitt að mæla raunverulega stærð þeirra (21. mynd) Á nokkrum stöðum renna lækir niður að Hólsá, bæði í mólendi og votlendi. Það eru afrennislækir frá mýrunum. Greinilegt er á gróðurfari vestan Hólsár og Árbugsár að svæðið er snjóþungt og raki mikill. Á það einnig við um svæðið norðan Gönguskarðsár, norður með Árbugsá að austan. Svæðið austan Hólsár, sunnan Gönguskarðsár er hinsvegar allt miklu þurrara. Svæðið er greinilega misblautt eftir árum og tíma sumars. Það virtist t.d. blautara sumarið 2016 en sumarið 2012 en einnig virðist það þorna eftir því sem líður á sumarið, a.m.k. ef sumarið er ekki mjög blautt.

Frá brekkubrún munu vegur og aðrennslispípa liggja nánast samhliða á rúmlega 500 m kafla (Árni Sveinn Sigurðsson 2016). Þau liggja ofan og sunnan stóru hallamýrarinnar og mun framkvæmdasvæðið því lenda utan hennar. Vegurinn og pípan fara hinsvegar yfir minni votlendissvæði/hallamýrar sem teygja sig upp hlíðarnar frá stóru mýrinni og ánni. Á kafla merktum 1450-1500 m (frá stíflu), er farið yfir lægð með nokkuð afmarkaðri mýri á yfirborði (22. mynd). Henni hallar niður að stóru mýrinni og því grunnvatnsrennsli á milli. Í mýrinni voru starir, klófífa og hrafnafífa mest áberandi. Farið er yfir mýrina á um 80 m kafla en svæðið er rétt innan við 2 ha. Gera má ráð fyrir nokkru raski með skeringum og fyllingum í þessu mishæðotta landi en þarna liggja vegur og þrýstipípa saman og vegur þarf að haldast þurr. Mikilvægt er að vanda vel allan frágang og tryggja að streymi vatns haldist um votlendið.



Á kafla merktum 1150-1100 m greinist vegurinn frá aðrennslispípunni niður að Hólsá (21. mynd). Á því svæði er vel gróinn fjalldrapa- og víðimói. Við ána skiptist vegurinn í tvennt, annars vegar suður að stíflu í Hólsá og hinsvegar austur að stíflu í Gönguskarðsá.



**22. mynd.** Horft til norðvesturs yfir mýri þar sem farið verður yfir með veg og aðrennslispípu á kafla merktum 1450-1500 m.

Við 940 m tengist aðrennslispípa frá stíflu í Gönguskarði inn á aðrennslispípu frá stíflu í Hólsá. Þar er vel gróinn fjalldrapa-, lyng- og víðimói.

Á kafla 850-700 m liggur aðrennslispípan efst í votlendi sem hallar niður að Hólsá. Það er líklega stærra en 2 ha og þyrfti að hnika leiðinni örlítið (til hliðar um 25-50 m) ofar í landið til að fara fram hjá mýrinni. Áhrifin á mýrina og rennsli um hana velta þó á hvernig frágangi við pípu ána er háttað og er hugsanlegt að til lengri tíma litið verði heildarraskið minna ef farið er um mýrina en mólendið fyrir ofan, en þarna er aðeins farið með pípu ána en ekki veginn.

Á kafla 150-200 m, sem liggur rétt fyrir ofan yfirborð árinna, fer aðrennslispípan yfir votlendi (mýri og afrennslislæk) þar sem dýjamosi var nokkuð áberandi ásamt störum, fífum, eski og hrossanál (23. mynd). Örlítill færsla á pípunni nær ánni myndi taka leiðina að einhverju leyti úr votlendinu en í staðinn þyrfti að gera meiri fyllingu við brekkuræturnar norðan mýrarinnar.

#### *Aðrennslispípa frá stíflu í Gönguskarði að tengingu í Hólsdal, 1250 m*

Gert er ráð fyrir að 1250 m löng aðrennslispípa frá stíflu í Gönguskarði tengist aðrennslispípu frá stíflu í Hólsá við 940 m (frá stíflu í Hólsá) (Árni Sveinn Sigurðsson 2016). Við tenginguna er vel gróinn fjalldrapa-, lyng- og víðimói og fer pípan yfir samskonar gróðurlendi austur að Hólsá. Þrýstipípan mun liggja í stokki yfir Hólsá (Skírniir Sigurbjörnsson 2016b). Austan Hólsár kemur hún til með að liggja yfir gróðurlendi sem einkennist af þurrum beityllyngs- og fjalldrapamóa ásamt snöggu graslendi (24. og 25. mynd). Inn á milli er gróðurþekjan rofin með melkollum. Á um helmingi leiðarinnar liggja vegur að

Gönguskarði og aðrennslispípan samhliða, eftir núverandi vegslóða inn í Gönguskarð (Árni Sveinn Sigurðsson 2016).



**23. mynd.** Horft til suðurs yfir stíflustæði í Hólsdal (rauð ör). Fremst á myndinni er mýrin sem þrýstipípan fer yfir á kafla merktum 150-200 m. Slóðin meðfram Hólsá sést vel á myndinni.

### *Stíflur og inntakslón*

#### *Stífla og lón í Hólsdal*

Aðstæður og gróðurfar voru skoðuð á vettvangi 9. ágúst 2016. Hæð stíflu er áætluð 8-10 m, lengd lóns 150 m og flatarmál 1,9 ha (Árni Sveinn Sigurðsson 2016). Bakkar árinna eru vel grónir beggja vegna og þekur djámosi bakkana næst ánni. Gróðurlendið sem fer undir lónið vestan árinna einkennist af djámosa og votlendi næst ánni en í því voru starir, hrossanál, fífur (klófífa og hrafnafífa) og mosi áberandi. Fjær ánni tóku við blettótt gróðurlendi með vel grónu graslendi og mólendi þar sem grös, starir, fjalldrapi, gulvíðir, lyngtegundir og lágvaxnar blómplöntur voru áberandi. Gulvíðir, ekki mjög hávaxinn, var áberandi í lónsstæðinu sunnanverðu, vestan árinna. Gróðurlendið sem fer undir lónið austan árinna einkennist af djámosa næst ánni, en fjær ánni tekur við þurr mólendi með beitleyngi, fjalldrapa, bláberja- og krækilyngi. Holtasóley var áberandi uppi á þurrum melum austan árinna. Svæðið sem fer undir lón vestan árinna er mun blautara og gróðurfar fjölbreyttara heldur en austan hennar (23. mynd).



**24. mynd.** Horft til austurs inn í Gønguskarð. Fyrsti hluti aðrennslispípu frá stíflu í Gønguskarði liggur samhliða vegi í gömlum vegslóða sunnan Gønguskarðsár. Stíflustæði merkt með rauðri ör.



**25. mynd.** Leið aðrennslispípu frá Gønguskarði yfir að Hólsá liggur yfir mólendi sem er að hluta til rofið í melkolla. Horft til vesturs/norðvesturs.



**26. mynd.** Við stíflustæðið í Gönguskarði. Myndin er tekin til austurs/norðausturs, sunnan árinna.

#### *Stífla og lón í Gönguskarði*

Aðstæður og gróðurfar voru skoðuð á vettvangi 30. júlí 2012 en þá lágu upplýsingar um hæð stíflu og stærð lónsins í Gönguskarði ekki fyrir (24. og 26. mynd). Samkvæmt nýjustu upplýsingum (Árni Sveinn Sigurðsson 2016) verður stíflan 4-5 m á hæð, áætluð lengd lónsins verður 70 m og flatarmál þess 0,3 ha.

Bakkar Gönguskarðsár eru vel grónir. Norðan við stíflustæðið er mólendi næst ánni en síðan tekur við votlendi undir hlíðinni og munu bæði gróðurlendin fara undir vatn. Svæðið norðan árinna er mun blautara en svæðið sunnan hennar. Sunnan við stífluna er brött, lítt gróin hlíð en austur af henni meðfram ánni er mólendi sem fer að einhverju leyti undir vatn.

#### *Vegur*

Vegur inn á framkvæmdasvæðið mun liggja frá heimreið að bænum Ytra-Hóli og til norðurs inn á leið þrýstípípu upp hlíðar Fnjóskadals (Árni Sveinn Sigurðsson 2016). Frá heimreið liggur vegurinn um stuttan spotta yfir mel, síðan fjalldrapamóa, ræktað tún og aftur fjalldrapamóa. Þar sem vegur kemur inn á leið þrýstípípu er vel gróinn fjalldrapamói. (27. mynd). Vegurinn mun síðan að mestu leyti fylgja þrýstípípunni upp hlíðar Fnjóskadals en einnig núverandi slóða. Uppi á brekkubrún fylgir vegurinn slóðanum að hluta en sveigir þó örlítið frá honum til norðurs þar sem væntanlegt malarnám verður. Þar er snögg mólendi og melur.



**27. mynd.** Á þessu svæði koma þrýstipípa og vegur saman.

Vegurinn mun síðan liggja samhliða aðrennslispípu á rúmlega 500 m kafla, sem áður hefur verið lýst, þar til hann liggur niður að Hólsá (á kafla merktum 1150-1100 m frá stíflu) (Árni Sveinn Sigurðsson 2016). Vegurinn á að liggja í sveig niður að ánni og er landið þar fremur mishæðótt. Á vegstæðinu niður að ánni eru vel grónir fjalldrapa-, lyng- og víðimóar best áberandi en einnig er þar votlendisblettur og lítill lækur sem vegstæðið liggur yfir (21. mynd). Við Hólsá greinist vegurinn annars vegar austur að stíflu í Gönguskarðsá og hinsvegar suður að stíflu í Hólsá. Þar sem vegurinn að Gönguskarði liggur yfir Hólsá eru bakkar árinna grýttir en vel grónir. Austan árinna eru þurrir fjalldrapa- og beityllyngsmóar mest áberandi en einnig rofnir melkollar og síðan snöggt graslendi þegar nær dregur Gönguskarði.

Síðasti hluti vegarins að stíflu í Gönguskarðsá kemur til með að fylgja núverandi slóða inn í Gönguskarð (24. mynd). Vegstæðið suður að stíflu í Hólsá fylgir að mestu gömlum vegslóða sem liggur meðfram vesturbakka árinna (Árni Sveinn Sigurðsson 2016). Á leiðinni er farið yfir fjölbreytt gróðurlendi eins og graslendi og mólendi en víða liggja votlendissvæði/hallamýrar og litlir lækir niður að ánni og er svæðið þar blautt og viðkvæmt. Á það einkum við um svæðið í kringum Hólssel (28. mynd). Mikilvægt er að vanda vel lagningu vegar meðfram ánni og forðast votlendissvæðin eins og kostur er.

Af framangreindum gróðurlendum á mannvirkjasvæði Hólsvirkjunar er votlendið mikilvægast og viðkvæmast. Samkvæmt 57. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd ásamt lögum nr. 109/2015 um breytingu á lögum um náttúruvernd njóta votlendi sem eru 20.000 m<sup>2</sup> að flatarmáli eða stærri sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er (Alþingi 2016). Votlendissvæðin í Hólsdal, vestan Hólsár, eru mörg hver yfir þeim stærðarmörkum. Leið pípu og vegar sneiðir hjá stærstu votlendissvæðum í Hólsdal en hún mun þó alltaf liggja yfir einhver votlendi þar sem þau teygja sig upp og niður hlíðarnar og oft er spurning hvar þau enda og byrja. Eins og að framan greinir fer leiðin á einum stað í jaðri votlendissvæðis sem er stærra en 2 ha (kaflir 850-700 m).

Lagning þrýstipípu og vegar mun hafa í för með sér rask í öllum þeim gróðurlendum sem farið verður yfir. Áhrifin eru minnst á melum en meiri í vel grónu mólendi og votlendi. Nokkuð rask mun hljóta af lagningu pípu og vegar yfir votlendi en erfitt er að segja til um hversu mikil áhrifin verða á þau,



**28. mynd.** Væntanlegt vegstæði meðfram Hólsá, skammt frá Hólsseli. Gert er ráð fyrir að vegur liggji um slóð vinstra megin á myndinni (sjá rauða ör). Þar er landið harðara og þurrar en nær ánni.

grunnvatnsstöðu þeirra og vatnsrennsli. Það veltur á dýpi pípunnar, efni í undirlagi (t.d. hvort notaður er jarðvegsdúkur eða ekki), burðarlagi vegar og frágangi almennt. Mikilvægt er að tryggja sem eðlilegast streymi vatns á votlendissvæðunum. Vegagerð samhliða lagningu pípunnar veldur viðbótarraski þar sem væntanlega er gert ráð fyrir að byggja veginn þannig að hann verði þurr og vel fær. Mishæðir í landi auka einnig á rask með skeringum og fyllingum, og því mikilvægt að vanda vel allan frágang.

Skammt frá Þjóðvegi um Fnjóskadal mun leið þrýstípípu liggja inn í vel gróið gil (14. mynd) þar sem víðir og birki voru áberandi á stuttum kafla leiðarinnar. Þar mætti forðast að skerða stærstu plönturnar. Einnig væri æskilegt að forðast stærstu víðirunnanna í jaðri gamla túnsins sem sést á 16. mynd. Þar sem landi hallar mikið á framkvæmdasvæðinu er aukin hættu á vatnsrofi út frá jarðraski, hvort sem er á vel grónu eða lítt grónu landi. Það verður líka að hafa í huga að svæðið er snjóþungt og leysingar geta þar af leiðandi verið miklar. Mjög mikilvægt er að allur frágangur við mannvirkin verði góður til að koma í veg fyrir slíkt rof.

Gróið land árbakkanna fer undir inntakslón og verður rof á bökkum lónanna, einkum austan Hólsár og sunnan Gönguskarðsár þar sem bakkar ána eru brattari. Jarðefni munu skolast í ána, einkum til að byrja með en einnig þegar vatn brýtur á bökkum í vindi, sérstaklega á stærra lóninu.

Gert er ráð fyrir að það verði yfirfall á stíflum í Hólsdal og Gönguskarði í um 8 mánuði á ári en annars er virkjunin að nýta allt vatnið og farvegur því þurr þá 4 mánuði sem út af standa (Skírniir Sigurbjörnsson 2012). Farvegur Árbugsár verður með skert rennsli á um 11 km kafla. Bakkar ána eru vel grónir og


votlendi liggur víða að þeim, a.m.k. í Hólsdal. Skert rennsli í ánum getur mögulega haft áhrif á grunnvatnsstöðu við árnar og þar með haft áhrif á gróður á bökkum þeirra.

### *Sjaldgæfar plöntutegundir*

Rannsóknasvæðið lendir innan fjögurra gróðurreita en kannað var hvort þar væri að finna sjaldgæfar plöntutegundir á vólsta.

**Reitur 550 595.** Stærstur hluti þrýstipípu lendir innan þessa reits. Í reitnum er skráð 181 tegund háplantna (Flóra Íslands 2016). Þar af eru fjórar sjaldgæfar tegundir sem eru metnar sem slíkar samkvæmt viðmiðum IUCN um tegundir á vólsta. Tegundirnar eru blæösp (*Populus tremula*), fjallabláklukka (*Campanula uniflora*), fjallabrúða (*Diapensia lapponica*) og fjallkrækill (*Sagina caespitosa*) (Náttúrufraeðistofnun Íslands 2016).

**Blæösp** *Populus tremula* er á vólsta og er skráð sem tegund í yfirvofandi hættu með flokkunina VU<sup>1</sup>. Villt blæösp vex í móum og kjarrlendi og hefur hún fundist á örfáum stöðum á landinu. Fyrst fannst hún á Garði í Fnjóskadal árið 1905 (Steindór Steindórsson frá Hlöðum 1986) en Garður er næsti bær norðan við Ytri-Hól. Náttúrustofan fékk upplýsingar um þrjá fundarstaði og hnit þeirra innan rannsóknarsvæðisins og í nágrenni þess (Sæmundur Sveinsson 2016; Starri Heiðmarsson 2016). Þar af er einn í gili skammt norðan við væntanlega staðsetningu þrýstipípu, um 350 m frá þjóðvegi.



#### <sup>1</sup> Vólsta

RE = Útdauð á svæði

CR = Í bráðri hættu

EN = Í hættu

VU = Í yfirvofandi hættu

DD = Upplýsingar ófullnægjandi

#### Tegundir sem eru metnar en falla utan vólsta

NT = Í nokkurri hættu

LC = Metin en ekki í hættu

NA = Uppfyllir ekki forsendur mats.

**29. mynd.** Fundarstaðir blæspar í grennd við framkvæmdasvæðið.

Nokkrir fundarstaðir lengst í burtu frá framkvæmdasvæði sjást ekki á myndinni.

Útbreiðsla blæspar í Fnjóskadal hafði ekki verið kortlögð með skipulögðum hætti og var því farið á svæðið þann 7. júní til að kortleggja betur útbreiðslu hennar. Gengið var eftir leið þrýstípu frá stöðvarhúsi að mótum vegar norðan við bæinn Ytri-Hól. Einnig var leitað í gilinu sem þrýstípan liggur um að hluta ásamt því að farið var betur um næsta gil þar fyrir norðan, en þar er þekktur fundarstaður. Engin blæsp fannst innan framkvæmdasvæðisins en útbreiðsla hennar á núverandi fundarstöðum var hnitúð og skráð auk þess sem nokkrir nýir staðir bættust við í nágrenni eldri fundarstaða (29. mynd).

**Fjallkrækill** *Sagina caespitosa* er einnig flokkaður sem tegund í yfirvofandi hættu VU (Náttúrufræðistofnun Íslands 2016). Fjallkrækill er mjög sjaldgæf tegund sem finnst í fjöllum í kringum Fnjóskadal. Hann vex yfirleitt uppi á flötum fjallanna eða uppi á hæðum og bungum (Flóra Íslands 2016). Fjallkrækill fannst fyrst á Íslandi árið 1926 en það var Ingimar Óskarsson sem fann hann á Austurfjalli í Dalsmynni (Hörður Kristinsson 2008). Fjallkrækill sást ekki í vettvangsskoðun 2012 og er ólíklegt að hann finnst innan rannsóknasvæðisins.

**Fjallabláklukka** *Campanula uniflora* er flokkuð sem NT með tegundum sem falla utan válista (Náttúrufræðistofnun Íslands 2016). Fjallabláklukka vex hátt til fjalla, uppi á brúnum eða á grónum oft grýttum flötum og var hún skráð á svæðinu Þverá-Þúfa, af Ingimari Óskarssyni árið 1933 (Hörður Kristinsson 2012). Hún sást ekki í vettvangsathugun sumarið 2012.

**Fjallabrúða** *Diapensia lapponica* er flokkuð sem LC með tegundum sem falla utan válista (Náttúrufræðistofnun Íslands 2016). Fjallabrúða er sjaldgæf jurt sem vex aðeins til fjalla, á stöðum sem standa að mestu upp úr snjó á veturna og var hún skráð á svæðinu Þverá-Þúfa af Helga Jónassyni árið 1937 (Hörður Kristinsson 2012). Hún sást ekki í vettvangsathugun sumarið 2012.

**Reitur 555 595.** Engar háplöntur voru skráðar í þessum reit (Flóra Íslands 2016). Örlítill hluti rannsóknasvæðis lendir innan þessa reits en ekkert af þeim mannvirkjasvæðum sem skoðuð voru í ferðinni.

**Reitur 550 590.** Hluti pípu og stærstur hluti vegar fellur innan þessa reits. Í reitnum eru skráðar 173 tegundir háplantna en engin á válista (Flóra Íslands 2016).

**Reitur 555 590.** Stærstur hluti aðrennslispípu frá Gönguskarði lendir innan þessa reits. Í honum eru skráðar 27 tegundir háplantna, þar af fjallabrúða (*Diapensia lapponica*) og línstör (*Carex brunnescens*) sem er flokkuð sem LC með tegundum sem falla utan válista (Náttúrufræðistofnun Íslands 2016).

**Fjallabrúða** *Diapensia lapponica* var skráð á Vesturfjalli af Helga Hallgrímssyni árið 1964 (Hörður Kristinsson 2012) en hún sást ekki í vettvangsferð sumarið 2012.

**Línstör** *Carex brunnescens* vex í grasbollum og á þurrum grundum og var skráð í Gönguskarði af Guðbrandi Magnússyni árið 1963 (Hörður Kristinsson 2012). Línstör sást ekki í vettvangsferð sumarið 2012 en hún gæti vaxið innan rannsóknasvæðisins.



## Fuglar

Við fuglaathuganirnar varð vart við 21 tegund fugla og af þeim voru 17 taldar líklegir varpfuglar. Að auki er vitað um óreglulegt varp einnar tegundar til viðbótar. Fimm þessara tegunda eru skráðar á válista (Náttúrufræðistofnun Íslands 2000) og af þeim eru tvær (straumönd og gulönd) geta orðið fyrir áhrifum af fyrirhugaðri framkvæmd (1. tafla). Hvorug þeirra sást innan rannsóknasvæðisins en þær eru varpfuglar við Árbugsá. Skert rennsli í Árbugsá gæti haft neikvæð áhrif á fæðuuppsprettu þessara tegunda og þar með rýra gæði árinna sem varpsvæðis. Að öðru leyti er framkvæmdin ekki talin hafa teljandi áhrif á fuglalíf. Umferð og rask á uppbyggingatíma getur valdið truflun á varpi og hreiður spillst verði framkvæmdir á varptíma. Eftir að framkvæmdum líkur eru allar líkur á að fuglalíf verði með svipuðum hætti og nú er. Framræsla/skertur vatnsbúskapur mýra í tengslum við vega- og pípulögn getur þó valdið því að votlendistegundir víki en þurrlendistegundir komi þá inn í staðin. Umfjöllun um áhrif á einstakar tegundir kemur hér á eftir.

**1. tafla.** Tegundir sem sáust við athuganir á fuglum á rannsóknasvæðinu við Hólsvirkjun og Árbugsá 21. júní og 30. júlí 2012 og þekktir varpfuglar á svæðinu. Undir varpfugl merkir táknið + að tegundin hafi verið talin varpfugl á svæðinu. Undir algengi tákna + tegund sem átti leið hjá eða sjaldgæfa tegund. ++ tákna að ganga megi að tegundinni vísri í hentugu kjörlendi og +++ tákna að tegundin sé algeng í hentugu kjörlendi. Fuglar á válista fá alþjóðleg táknið eftir stöðu þar sem VU tákna tegundir í yfirvofandi hættu og LR tegundir í nokkurri hættu. Að lokum eru áætluð áhrif framkvæmda á viðkomandi tegund innan rannsóknasvæðis.

Tegund	Varpfugl	Algengi	Válisti	Áhrif framkvæmda
Álft - <i>Cygnus cygnus</i>	-	+	-	engin
Grágæs - <i>Anser anser</i>	+	+	VU	engin
Rauðhöfðaönd – <i>Anas penelope</i>	+	+	-	engin
Straumönd - <i>Histrionicus histrionicus</i>	+	++	LR	lítill
Gulönd - <i>Mergus merganser</i>	+	++	VU	lítill
Rjúpa – <i>Lagopus muta</i>	+	++	-	engin
Smyrill – <i>Falco columbarius</i>	+	+	-	engin
Fálki – <i>Falco rusticolus</i>	+	+	VU	engin
Sandlóa – <i>Charadrius hiaticula</i>	+	+	-	engin
Heiðlóa - <i>Pluvialis apricaria</i>	+	++	-	engin
Louþræll – <i>Calidris alpina</i>	+	++	-	engin
Hrossagaukur - <i>Gallinago gallinago</i>	+	++	-	engin
Jaðrakan - <i>Limosa limosa</i>	+	+	-	engin
Spói - <i>Numenius phaeopus</i>	+	++	-	engin
Stelkur - <i>Tringa totanus</i>	+	+	-	engin
Kjóí – <i>Stercorarius parasiticus</i>	-	+	-	engin
Sílamáfur – <i>Larus fuscus</i>	-	+	-	engin
Þúfuttittlingur - <i>Anthus pratensis</i>	+	+++	-	engin
Maríuerla – <i>Motacilla alba</i>	+	++	-	engin
Skógarþröstur - <i>Turdus iliacus</i>	+	++	-	engin
Hrafn – <i>Corvus corax</i>	+	+	VU	engin
Auðnutittlingur – <i>Carduelis flammea</i>	-	+	-	engin

**Álft** *Cygnus cygnus* er hvorki talin varpfugl innan rannsóknasvæðisins né við Árbugsá. Árið 2012 sáust tveir fuglar á Hólsá þar sem fyrirhugað lón á að vera og árið 2016 sáust tveir fuglar á Árbugsá. Ekkert benti til varps tegundarinnar á svæðinu. Virkjun er ekki talin hafa áhrif á álft.

**Grágæs** *Anser anser* er mjög líklegur varpfugl á svæðinu þó ekki hafi sést nema til tveggja fugla við athuganir á rannsóknasvæðinu. Svæðið er hentugt búsvæði fyrir grágæsir, sérstaklega sá hluti sem snýr að Fnjóskadalnum. Þær voru algengar og sáust víða með unga neðst á Árbugsá, þar sem hún rennur til

suðurs. Grágæs er skráð á válista sem tegund í yfirvofandi hættu vegna fækkunar sem varð á stofninum í lok síðustu aldar (Náttúrufræðistofnun Íslands 2000). Síðan þá hefur orðið viðsnúningur og stofninn stækkað mikið (Mitchell 2015). Ekki er talið líklegt að fyrirhuguð virkjunaráform muni hafa áhrif á þessa tegund.

**Rauðhöfðaönd** *Anas penelope* sást við Árbugsá árið 2016, stakur steggur. Hugsanlega sjaldgæfur varpflugl á svæðinu sem virkjunin er ekki talin hafa áhrif á.

**Straumönd** *Histrionicus histrionicus* er önnur af tveimur tegundum sem taldar eru viðkvæmar fyrir virkjun Hólsár. Straumöndin er amerísk tegund sem verpir hvergi í Evrópu utan Íslands. Íslendingar bera því ríkulega ábyrgð á þessari tegund og er hún af þeim sökum skráð á válista sem tegund í nokkurri hættu (Náttúrufræðistofnun Íslands 2000). Talið er að á Íslandi verpi 3000-5000 pör (Arnbór Garðarsson og Þorkell Lindberg Þórarinnsson 2003). Fuglar voru taldir á Árbugsá 21. júní 2012 en þá sást aðeins ein straumönd, kvenflugl á Syðri Uxaskarðsá. Það kom á óvart þar sem hópur straumanda sést reglulega á neðsta hluta Árbugsár á vorin (Sverrir Thorstensen, munnlegar upplýsingar). Líklega var talningin framkvæmd of seint til að gefa rétta sýn á fjöldann. Kollurnar hafa verið lagstar á og steggir farnir á fellistöðvar á sjó. Síðari talningin, þann 7. júní 2016, var miðuð við að ná sem best til straumanda þ.e. þegar pör hafa dreift sér um ána en kollur ekki lagstar á. Í þeirri talningu sáust 6 pör og var helmingur þeirra ofan við ármót Árbugsár og Krókár. Efsta parið var á móts við Syðri-Uxaskarðsá eða á svipuðum slóðum og kolla fannst í fyrri talningunni. Straumöndin lifir á bitmýslirfum á botni straumvatna (Finnur Guðmundsson 1971, Bengtson 1972). Hólsvirkjun myndi skerða verulega rennsli yfir vetrarmánuðina og draga þar með úr bitmýsframleiðslu. Gæði búsvæða straumanda við Árbugsá munu því rýrna eftir virkjun, að minnsta kosti niður að ármótum við Króká en á þeim kafla voru 3 pör. Hann mun þó að öllum líkindum ekki verða óbyggilegur straumöndum þar sem eitthvað líf mun alltaf vera í ánni. Auk þess færa kollur með unga sig til eftir því hvar best er að ná í æti. Þessi neikvæðu áhrif eru staðbundin og teljast lítil, bæði á svæðis- og landsvísu. Hafa ber þó í huga uppsöfnuð áhrif vegna annarra sambærilegra framkvæmda við straumár og ábyrgð Íslands á þessari tegund.

**Gulönd** *Mergus merganser* er viðkvæm fyrir virkjun Hólsár. Gulönd er skráð á válista sem tegund í yfirvofandi hættu vegna lítils stofns sem telur innan við 1000 einstaklinga (Náttúrufræðistofnun Íslands 2000). Gulöndin verpir í holum og gjótum við ár og vötn með fiski, sem er hennar aðalfæða (Arnbór Garðarsson 1991). Við fuglaathuganir árið 2012 sást kvenflugl á flugi skammt frá Bakkaseli við Árbugsá. Fuglinn flaug í hringi, virtist æstur og allt atferli benti til að hann ætti þar hreiður. Þá hefur gulönd fundist á hreiðri nokkuð neðar á ánni (Sverrir Thorstensen, munnleg heimild). Hún sást hins vegar ekki við talningar á ánni árið 2016. Það er því ljóst að gulönd er varpflugl við Árbugsá en óvíst hvort hún verpi þar árlega. Gulendur geta ferðast talsvert um með ungana í ætisleit og er því líklegt að gulöndin stóli á fisk neðar í ánni eða jafnvel í Fnjóská, þar sem lítill fiskur er talinn í Árbugsá (Skírnir Sigurbjörnsson 2012). Þar sem líklegt þykir að gulöndin leyti annað eftir fæðu fyrir unga verður að teljast ólíklegt að fyrirhuguð virkjun muni hafa teljandi áhrif á hana. Hafa ber þó í huga að varpstofninn er mjög lítill, áætlaður áætlaður 100 – 300 pör (Guðmundur A. Guðmundsson og Kristinn Haukur Skarphéðinsson 2012) og skiptir því hvert þar miklu máli.

**Rjúpa** *Lagopus muta* sást í báðum heimsóknum á svæðið árið 2012 og þegar gengið var með Árbugsá árið 2016, allt karrar. Rjúpa er örugglega varpflugl á svæðinu en til að ná fram hentugu mati á fjölda þyrfti talning að fara fram snemma vors þegar sýnileiki tegundarinnar er mest. Ekki er þó talið að þarna sé óvenju þétt varp og framkvæmdir eru ekki taldar hafa áhrif á tegundina.

**Smyrill** *Falco columbarius* var með hreiður í gljúfri við Árbugsá árið 2012 en þar eru þekktir varpstaðir (Sverrir Thorstensen, munnlegar upplýsingar). Ekki varð vart við smyrið árið 2016. Enginn hreiðurstaður er innan rannsóknasvæðisins og framkvæmdir ekki taldar hafa áhrif á tegundina.

**Fálki** *Falco rusticolus* sást ekki við fuglaathuganir en þekktir varpstaðir eru í nágrenninu. Þeir eru þó of fjarri til að framkvæmdin geti haft áhrif á varpafkomu fálkans.

**Sandlóa** *Charadrius hiaticula* var nærri fyrirhuguðu stöðvarhúsi þann 30. júlí 2012. Hún gæti verið sjaldgæfur varpfugl á svæðinu en framkvæmdin er ekki talin hafa áhrif á hana.

**Heiðlóa** *Pluvialis apricaria* er dreifð um allt svæðið og varp var staðfest árið 2016. Framkvæmdir munu ekki hafa áhrif á tegundina.

**Lóupræll** *Calidris alpina* kom bara fram á einum stað við punkttingarnar árið 2012 en þegar gengið var um mýrarnar árið 2016 sáust 8 fuglar. Hann er örugglega varpfugl og líklega algengari en tölur gefa til kynna. Hans kjörlendi er í blautum mýrum og framræsla þeirra gæti haft mjög staðbundin áhrif en engin ef horft er til stærra svæðis enda algengur fugl um allt land og stofninn stór.

**Hrossagaukur** *Gallinago gallinago* sást aðeins tvisvar á svæðinu en er án efa mun algengari, því þessi tegund sést sjaldan nema á flugi. Fyrirhugaðar framkvæmdir eru ekki taldar hafa áhrif á þessa tegund.

**Jaðrakan** *Limosa limosa* eitt par var við Ytri-Hól árið 2012. Örugglega strjáll varpfugl. Framkvæmd er ekki talin hafa áhrif á tegundina.

**Spói** *Numenius phaeopus* er varpfugl á svæðinu en varpþéttleiki ekki hár. Spóinn er algeng tegund og framkvæmdir ekki taldar hafa áhrif á hana.

**Stelkur** *Tringa totanus* sást aðeins á einum stað og er hann sennilega strjáll varpfugl. Þetta er algengur fugl og framkvæmdir ekki taldar hafa áhrif á hana.

**Kjóí** *Stercorarius parasiticus* sást á veiðum. Líklega ekki varpfugl innan rannsóknasvæðisins og framkvæmdir ekki taldar hafa áhrif.

**Þúfutittlingur** *Anthus pratensis* sást á öllum talningapunktum, allt upp í 5 fuglar á punkti. Síðsumars 2016 sáust hópar þúfutittlinga, mest 11 saman. Þetta er því langalgengasta tegundin á svæðinu. Þúfutittlingur er algengur um allt land og stofninn mjög stór. Framkvæmdir eru ekki taldar hafa áhrif á hana.

**Skógarþröstur** *Turdus iliacus* var algengur næst Fnjóská þar sem runnar voru áberandi en sást ekki annarsstaðar. Framkvæmdin er ekki talin hafa áhrif á tegundina.

**Auðnutittlingur** *Carduelis flammea* var á flugi yfir svæðinu næst Fnjóská við báðar heimsóknir árið 2012 en sást ekki árið 2016. Hann er háður birkikjarri sem er víða í nágrenninu. Ólíklegur varpfugl innan rannsóknasvæðisins og framkvæmdir ekki taldar hafa áhrif á hann.

Ekki er ólíklegt að fleiri fuglategundir geti verið varpfuglar innan rannsóknasvæðisins eða nýti sér það til viðurværis. Þar mætti nefna aðrar andategundir, branduglu, maríuerlu og músarindil. Ólíklegt er þó að svæðið hafi mikla þýðingu fyrir þessar tegundir.

## Samantekt

Öll mannvirki tengd Hólsvirkjun koma til með að liggja utan friðlýstra svæða eða svæða á náttúru-minjaskrá (Umhverfisstofnun 2016).

Bæði lónin og pípunar að Hálsi yrðu lagðar yfir óraskað land þar sem koma fyrir landform mynduð af framburði hinnar fornu jökulár og núverandi áa. Þrýstipípan milli Ytri-Hóls og Garðs yrði grafin í gegnum strandlínur hinna fornu jökullóna í dalnum og hjallana fyrir neðan sem í dag er að mestu leyti óraskað land og hluti af setlögum og landformum tengdum sögu jökulhörfunar í Fnjóskadal. Töluverð ummerki um snjóflóðavirkni er að finna í námunda við fyrirhuguð lónsstæði og ber að hafa það í huga ef fólk kemur til með að vera þar á ferð á veturna.

Framkvæmdirnar munu hafa í för með sér rask í þeim gróðurlendum sem farið er yfir. Áhrifin eru eðlilega minnst á melum en meiri í vel grónu mólendi og votlendi. Hægt væri að forðast vel gróin svæði eins og víðimóa og gróðurlendi þar sem víðir og birki eru í vexti með því að hnika til leið þrýstipípu. Þar sem landi hallar mikið á svæðinu, sem er að auki mjög snjóþungt, er hætta á vatnsrofi út frá jarðraski, hvort sem er á vel eða lítt grónu landi. Því er mikilvægt að allur frágangur verði góður til að koma í veg fyrir slíkt rof.

Pípan mun liggja yfir votlendissvæði en svæðið í Hólsdal, vestan Hólsár, er víða blautt. Stærstu hallamýrarnar munu sleppa en leiðin liggur samt sem áður í jaðri votlendis sem er líklega aðeins stærra en 20.000 m<sup>2</sup> að flatarmáli (kafla 850-700 m) en votlendi af þeirri stærð eða stærri njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd (Alþingi 2016). Votlendissvæðin liggja eins og tungur upp og niður hlíðarnar og var víða erfitt að greina hvar ein mýri byrjar og önnur endar þó þær virtust í fyrstu vera afmarkaðar á yfirborði. Um leið var erfitt að mæla raunverulega stærð þeirra. Á nokkrum stöðum renna lækir niður að Hólsá (20. mynd), bæði í mólendi og votlendi. Þetta eru afrennislækir frá mýrunum. Talsvert rask mun hljóta af lagningu pípunnar yfir votlendin en erfitt er að segja til um hversu mikil áhrifin verða á þau, grunnvatnsstöðu og vatnsrennslí. Það veltur á dýpi pípunnar, efnisvali með pípunni og frágangi. Vegagerð samhliða lagningu þrýstipípunnar veldur viðbótarraski, sérstaklega í mishæðóttu landi.

Líklegt er að inntakslónin valdi einhverju rofi á vatnsbökkum ásamt a.m.k. tímabundinni útskolun jarðefna í árnar. Hækkuð vatnsstaða veldur hærri grunnvatnsstöðu meðfram lónum en óvíst er um áhrifin af því. Lækkuð grunnvatnsstaða vegna skerts rennslis í ánum neðan stíflna mun líklega valda einhverjum gróðurbreytingum á bökkum þeirra til lengri tíma en hún getur einnig haft áhrif á grunnvatnsstöðu í landi næst þeim.

Framkvæmdin mun ekki hafa áhrif á blæösp og búsvæði hennar en tegundin er flokkuð sem tegund í yfirvofandi hættu á valista Náttúrufræðistofnunar Íslands. Framkvæmdin mun að öllum líkindum ekki hafa áhrif á aðrar plöntutegundir á valista.

Fuglalíf á rannsóknasvæðinu er ekki sérstakt á héraðs- eða landsvísu og framkvæmdin ekki talin hafa mikil áhrif almennt. Framkvæmdin gæti haft neikvæð áhrif á tvær valistategundir, straumönd og gulönd, sem verpa við Árbugsá, neðan rannsóknasvæðisins. Straumöndin er á valista vegna sérstöðu sinnar með Ísland sem eina varpstað tegundarinnar í Evrópu og gulönd vegna þess hve stofninn er fálíðaður. Þó gera megri ráð fyrir vatnsrennslí í Árbugsá að sumri mun skerðing á rennslí að vetri að öllum líkindum draga úr fjölda lífvera sem lifa í ánni. Gæði Árbugsár sem búsvæðis þessara tegunda verða því lakari eftir virkjun, að minnsta kosti niður að ármótum við Króká. Eitt gulandarpár fannst og eru áhrifin virkjunar á það talin lítil þar sem líklegt er talið að kollan fari niður á Fnjóská með ungana þar sem meira er um æti. Þrjú straumandarpör fundust á Árbugsá ofan ármóta við Króká. Þó virkjunin muni að öllum líkindum skerða búsvæðið verður það líklega ekki óbyggilegt á eftir. Auk þess eiga

straumendur til að færa sig til með ungana á vatnasvæðinu eftir ætisskilyrðum. Áhrifin eru því ekki talin mikil á straumöndina. Þó áhrif á þessar tegundir séu taldar léttvægar ber að hafa í huga uppsöfnuð áhrif vegna fleiri framkvæmda við straumvötn og sérstöðu tegundanna á landsvísu.

## **Þakkir**

Ellen Magnúsdóttir aðstoðaði við fuglaathuganir. Starri Heiðmarsson aðstoðaði við skoðun á útbreiðslu blæspar. Halldór G. Pétursson, Hreggviður Norðdahl, Hörður Kristinsson, Ólafur Karl Nielsen, Rúnar Ísleifsson, Starri Heiðmarsson, Sverrir Thorstensen og Sæmundur Sveinsson, veittu gagnlegar upplýsingar um jarðfræði, gróðurfar og fuglalíf á svæðinu. Árni Sveinn Sigurðsson lét okkur í té góða yfirlitsmynd af virkjunarsvæðinu. Þorkell Lindberg Þórarinsson og Sesselja Guðrún Sigurðardóttir lásu yfir handrit. Fá allir þessir aðilar kærar þakkir fyrir veitta aðstoð.

## Heimildir

- Alþingi 2016. Þingfundir og mál. Lög nr. 109/2015. *Lög um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 60/2013*. Sótt 20. janúar 2016 af <http://www.althingi.is/altext/145/s/0432.html>
- Arnþór Garðarsson 1991. *Fuglalíf við Mývatn og Laxá*. Í: Arnþór Garðarsson og Árni Einarsson (ritstj.). Náttúra Mývatns, bls. 278-319. Hið íslenska náttúrufræðifélag.
- Arnþór Garðarsson og Þorkell Lindberg Þórarinsson 2003. *Útbreiðsla og fjöldi straumandar á Íslandi að vetrarlagil*. Bliki 23: 5-20.
- Árni Sveinn Sigurðsson 2016. Tölvupóstur 08.08.2016.
- Bengtson, S. A. 1972. *Breeding ecology of the harlequin duck *Histrionicus histrionicus* (L.) in Iceland*. *Ornis Scand.* 3: 1-19.
- Björn Hróarsson 1992. *Fjallendi Eyjafjarðar að vestanverðu II*. Ferðafélag Íslands árbók 1991.
- Guðmundur A. Guðmundsson og Kristinn Haukur Skarphéðinsson 2012. *Vöktun íslenskra fuglastofna. Forgangsröðun tegunda og tillögur að vöktun*. Náttúrufræðistofnun Íslands, NÍ-12010.
- Finnur Guðmundsson 1971. *Straumendur (*Histrionicus histrionicus*) á Íslandi. Fyrri hluti*. Náttúrufræðingurinn **41** (1): 1-48.
- Flóra Íslands – Flóruvinir 2016. *Plöntuskráningar í 5x5 km reitum*. Sótt 19. janúar 2016 af <http://www.floraislands.is/Annad/skraning.html>
- Halldór G. Pétursson, Hreggviður Norðdahl & Ólafur Ingólfsson 2015. *Late Weichselian history of relative sea level changes in Iceland during a collapse and subsequent retreat of marine based ice sheet*. *Cuadernos de Investigación Geográfica*, no. 41 (2). 261-277.
- Haukur Jóhannesson og Kristján Sæmundsson 1989. *Jarðfræðikort af Íslandi. 1:500.000 Berg-grunnur*. Náttúrufræðistofnun Íslands.
- Hreggviður Norðdahl 1982. *Ljós vikurlög frá seinni síðasta jökulskeiðs í Fnjóskadal*. Í: Helga Þórarinsdóttir, Ólafur H. Óskarsson, Sigurður Steindórsson og Þorleifur Einarsson (ritstj.). Eldur er í norðri. bls. 167-175. Sögufélag Reykjavíkur.
- Hreggviður Norðdahl 1983. *Late Quaternary stratigraphy of Fnjóskadalur central north Iceland. Study of sediments, ice-lake strandlines, glacial isostasy and ice-free areas*. *Lundqua Thesis*, vol 12. 78 pp
- Hreggviður Norðdahl 2015. *Landris og fornar strandlínur sem tímamælir – dæmi úr Fnjóskadal og Eyjafirði*. *Haustráðstefna JFÍ*. Jökklar og laus jarðlög. Ágripahefti. 33 bls.
- Hreggviður Norðdahl, Ólafur Ingólfsson, Halldór. G. Pétursson & Margrét Hallsdóttir 2008. *Late Weichselian and Holocene environmental history of Iceland*. *Jökull* 58. 343-364.
- Hörður Kristinsson 2008. *Fjallkrækill – Fyrsta fórnarlamb hlýnandi loftslags á Íslandi?* Náttúrufræðingurinn **76** (3-4): 115-120.
- Hörður Kristinsson 2012. Tölvupóstur 03.08.2012.
- Mitchell, C. 2015. *Status and distribution of Icelandic-breeding geese: result of the 2013 international census*. *Wildfowl & Wetlands Trust Report*, Simbridge.
- Náttúrufræðistofnun Íslands 2000. *Válisti 2, fuglar*. Náttúrufræðistofnun Íslands.
- Náttúrufræðistofnun Íslands 2016. *Válisti háplantna*. Sótt 2. mars 2016 af <http://www.ni.is/grodur/valisti>
- Skipulagsstofnun 2011. *Leiðbeiningar um tilkynningaskyldar vatnsaflsvirkjanir með uppsett afl að 10 MW*. Skipulagsstofnun.
- Skírnir Sigurbjörnsson 2012. *Hólsvirkjun*. SSB Orka ehf. Reykjavík.
- Skírnir Sigurbjörnsson 2016a. Tölvupóstur 08.04.2016.
- Skírnir Sigurbjörnsson 2016b. Tölvupóstur 08.09.2016
- Starri Heiðmarsson 2016. Tölvupóstur 02.03.2016.
- Steindór Steindórsson frá Hlöðum 1986. *Garðsöspin í Fnjóskadal*. Heima er bezt 36:431-434.
- Sæmundur Sveinsson 2016. Tölvupóstur 02.03.2016.
- Umhverfisstofnun 2016. *Náttúruuminjaskrá*. Sótt 21. Janúar 2016 af <http://ust.is/einstaklingar/nattura/natturuminjaskra/>
- Yann Kolbeinsson, Aðalsteinn Örn Snæþórsson og Þorkell Lindberg Þórarinsson 2015. *Fuglavöktun í Þingeyjarsýslum 2014*. Náttúrustofa Norðausturlands, NNA-1503.

**VIÐAUKI B VISTGERÐIR, VOTLENDI OG BAKKAGRÓÐUR Á ÁHRIFASVÆÐI  
HÓLSVIRKJUNAR Í FNJÓSKADAL**



VISTGERÐIR, VOTLENDI OG BAKKAGRÓÐUR Á ÁHRIFASVÆÐI  
HÓLSVIRKJUNAR Í FNJÓSKADAL

**28.12.2017**







## SKÝRSLA – UPPLÝSINGABLAÐ

### SKJALALYKILL

5901-001-SKY-001-V01

### SKÝRSLUNÚMÉR / SÍÐUFJÖLDI

01 / 24

### VERKEFNISSTJÓRI – FULLTRÚI VERKKAUPA

Skírnir Sigurbjörnsson

### VERKEFNISSTJÓRI – EFLA

Ólafur Árnason

### LYKILORÐ

Hólsvirkjun, Fnjóskadalur vatnsaflsvirkjun, vistgerðir, votlendi, bakkagróður.

### STAÐA SKÝRSLU

- Í vinnslu  
 Drög til yfirlstrar  
 Lokið

### DREIFING

- Opin  
 Dreifing með leyfi verkkaupa  
 Trúnaðarmál

### TITILL SKÝRSLU

Vistgerðir, votlendi og bakkagróður á áhrifasvæði Hólsvirkjunar í Fnjóskadal

### VERKHEITI

Hólsvirkjun

### VERKKAUPI

Arctic Hydro

### HÖFUNDUR

Jón Ágúst Jónsson og Atli Guðjónsson

### ÚTDRÁTTUR

Af þeim 35 vistgerðum sem finnast innan skilgreinds áhrifasvæðis (34 ha) fyrirhugaðrar Hólsvirkjunar eru fjalldrapamóavist, lyngmóavist á láglendi og starungsmýravist algengastar. Þrettán vistgerðir hafa hátt eða mjög hátt verndargildi. Samanburður við útbreiðslu einstakra vistgerða á stærra svæði og á landsvísu bendir ekki til þess að framkvæmdin gangi nærri neinni vistgerð. Á tveimur stöðum skarast áhrifasvæðið við votlendi yfir 2 ha að flatarmáli sem æskilegt er að hlífa, þ.e. við jöfnunarþró á Hálsi og efnistökusvæði norðan Vaðmýrar. Í vesturhlíðum Hólsdals eru einnig nokkrar minni votlendistungur. Þrátt fyrir að þessi votlendi njóti ekki sérstakrar verndar skv. lögum er æskilegt að tryggja sem eðlilegast streymi vatns þar sem pípa eða vegur þverar þau. Skert rennsli í ám neðan stífla er einkum talið geta leitt til þess að rakasæknar tegundir víki fyrir þurrlandistegundum. Vegna fjölda lítilla hliðarlækja má gera ráð fyrir að þessi áhrif minnki nokkuð hratt niður vatnasviðið. Þar sem farvegir eru niðurgrafnir og aðliggjandi gróðurlendi sækja vatn sitt í hliðar dalanna eru áhrifin líka bundin við þröngt svæði í og við árfarveg. Vatnaflutningarnir eru því ekki taldir hafa áhrif á votlendi eða önnur gróðurlendi ofan árfarvega.

## ÚTGÁFUSAGA

---

NR.	HÖFUNDUR	DAGS.	RÝNT	DAGS.	SAMÞYKKT	DAGS.
01	Jón Ágúst Jónsson og Atli Guðjónsson	03.10.17	Ólafur Árnason	28.12.17	Jón Ágúst Jónsson	28.12.17

---

## EFNISYFIRLIT

EFNISYFIRLIT	5
MYNDASKRÁ	6
TÖFLUSKRÁ	6
1 INNGANGUR	7
2 RANNSÓKNARSVÆÐIÐ	9
3 AÐFERÐAFRÆÐI	11
4 NIÐURSTÖÐUR OG UMRÆÐA	13
4.1 Vistgerðir	13
4.1.1 Vistgerðir á rannsóknarsvæðinu	13
4.1.2 Vistgerðir á áhrifasvæði framkvæmdarinnar	13
4.1.3 Vistgerðir með árfarvegi	17
4.2 Votlendi	18
4.3 Bakkagróður	21
5 HEIMILDIR	24

## MYNDASKRÁ

Mynd 1	Mörk rannsóknar- og áhrifasvæðis fyrirhugaðrar Hólsvirkjunar. _____	10
Mynd 2	Vistgerðir á rannsóknar- og áhrifasvæði Hólsvirkjunar. Byggt á vistgerðagögnum Náttúrufræðistofnunar Íslands (Jón Gunnar Ottósson o.fl., 2016). Í viðauka 1 má sjá vistgerðakort af mögulegu áhrifasvæði virkjunarinnar í betri upplausn. _____	15
Mynd 3	Hér má sjá fjalldrapamóa með stöku birkitré vestan Fnjóskadalsvegur eystri þar sem ráðgert er að reisa stöðvarhús Hólsárvirkjunar. Samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar Íslands flokkaðist svæðið sem birkiskógur. _____	16
Mynd 4	Hitakort af votlendissvæðum á áhrifasvæði framkvæmdarinnar. Jafnframt er sýnd gróf staðsetning þeirra svæða sem ástæða þótti til að skoða nánar m.t.t. þess hvort þar væru votlendi yfir 2 ha að stærð (A-D). _____	18
Mynd 5	Víðmynd (e. panorama) af votlendi á Hálsi. Handan þess má sjá Garðsfell. Gert er ráð fyrir jöfnunarþró og pípu við melhólinn sem myndin er tekin af. _____	19
Mynd 6	Staðsetning votlendis yfir 2 ha að stærð á áhrifasvæði Hólsvirkjunar. Einnig er sýnd staðsetning deigs graslendis við Árbugsá þar sem mögulega má vænta einhverra gróðurbreytinga í kjölfar skerts rennslis í ánum. _____	19
Mynd 7	Vaðmýri. Handan hennar má sjá Hólsöxl og inn Hólsdal. _____	20
Mynd 8	Votlendið ofan við Vaðmýri sem til stendur að þvera með pípu. _____	20
Mynd 9	Árbugsá neðan ármóta Hólsár og Gönguskarðsár. Myndin er lýsandi fyrir bakkagróður á svæðinu. _____	21
Mynd 10	Snarrótarpuntur á lítilli eyju neðan ármóta Árbugsár og Krókár. _____	22
Mynd 11	Víðmynd af deigu graslendi neðan ármóta Hólsár og Gönguskarðsár þar sem mögulega má vænta einhverra gróðurbreytinga í kjölfar skerts rennslis í ánum. _____	22
Mynd 12	Nokkur dæmi um úrrennslis úr votlendissvæðum norðan Gönguskarðsár (a) og Árbugsár (b, c og d). _____	23

## TÖFLUSKRÁ

Tafla 1	Flatarmál (ha) og verndargildi vistgerða á rannsóknar- og áhrifasvæði Hólsvirkjunar og 20 m belti með árfarvegi milli inntakslóna og Fnjóskár. Til hliðsjónar er sýnt heildarflatarmál (km <sup>2</sup> ) viðkomandi vistgerða á Íslandi. Byggt á vistgerðaflokkun Náttúrufræðistofnunar Íslands (Jón Gunnar Ottósson o.fl., 2016). _____	14
Tafla 2	Flatarmál vistgerða (ha) eftir verndargildi á rannsóknar- og áhrifasvæði Hólsvirkjunar og 20 m belti með árfarvegi milli inntakslóna og Fnjóskár. Byggt á vistgerðaflokkun Náttúrufræðistofnunar Íslands (Jón Gunnar Ottósson o.fl., 2016). _____	17

## 1 INNGANGUR

Arctic Hydro áformar að reisa 5,5 MW vatnsaflsvirkjun sem gengur undir nafninu Hólsvirkjun. Framkvæmdasvæðið er nyrst í Fnjóskadal í landi Ytra-Hóls, Syðra-Hóls og Garðs. Hólsá og Gönguskarðsá, sem saman mynda Árbugsá, verða virkjaðar sunnan Garðsfells. Hólsá og Gönguskarðsá verða stíflaðar í um 310 m.y.s. og vatni veitt um aðrennslispípu að stöðvarhúsi á bakka Fnjóskár í 60 m.y.s. Aðrennslispípa verður grafin niður að jöfnunarþró á hálsi sunnan Garðsfells. Jöfnunarþró verður niðurgrafin að mestu. Þaðan verður niðurgrafin þrýstipípa að stöðvarhúsi. Vegslóð verður lögð frá Ytra-Hóli að þrýstipípu og meðfram pípu að inntaksstíflum (Jón Ágúst Jónsson og Snævarr Örn Georgsson, 2017).

Meginframkvæmdin verður við stíflugerðina á Hólsdal og Gönguskarði og við lagningu þrýstipípu, og við þjóðveg þar sem stöðvarhúsið verður. Einnig verður rask við slóðagerð, en gert er ráð fyrir að slóð verði samhliða pípum að hluta, auk þess sem leitast hefur verið við að nýta núverandi slóðir. Nokkur efnisþörf er vegna framkvæmdanna, aðallega í jarðvegshluta stíflu á Hólsdal, til vegagerðar og í skurð meðfram pípu (fín möl eða sandur). Gert er ráð fyrir að stóran hluta efnisins megi taka í og við stíflustæði og annars staðar af framkvæmdasvæðinu. Auk þess eru opnar efnisnámur við heimreið að Ytra-Hóli (Jón Ágúst Jónsson og Snævarr Örn Georgsson, 2017). Virkjað rennsli verður um 2,6 m<sup>3</sup>/s og er því veitt beint í Fnjóská. Gert er ráð fyrir því að stíflurnar í Hólsá og Gönguskarðsá verði á yfirfalli í um átta mánuði ársins en búast má við því að virkjunin nýti allt vatn í ánum fjóra mánuði yfir vetrartímann, þegar rennsli í ánum er minnst.

Undirbúningur vegna virkjunarinnar hefur staðið yfir frá árinu 2011 og hafa verið gerðar ýmsar rannsóknir á svæðinu vegna hugsanlegra umhverfisáhrifa. Árið 2011 hófust rennismælingar á svæðinu. Þær stóðu í 3 ár og hafa síðan verið hermdar skv. mælingum á vatnasviði Nípár. Á undirbúningstíma virkjunarinnar rannsakaði Fornleifastofnun Íslands fornleifar á svæðinu, Náttúrustofa Norðausturlands rannsakaði jarðfræði, gróðurfar og fuglalíf og Tumi Tómasson fiskifræðingur mat áhrif á fiskistofna. Þessar rannsóknir voru svo nýttar við forhönnun virkjunarmannvirkja til þess að lágmarka áhrif eins og kostur er (EFLA, 2016).

Að undangenginni fyrirspurn um matsskyldu tók Skipulagsstofnun þá ákvörðun að framkvæmdin kunnist að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Óskaði Skipulagsstofnun eftir ítarlegri umfjöllun um:

- Mat á jarðminjum í utanverðum Fnjóskadal.
- Áhrif á gróður, sérstaklega votlendi og bakkagróður.
- Áhrif á stofna straumandar og gulandar og meta samlegðaráhrif sem Hólsvirkjun og aðrar fyrirhugaðar virkjanir kunna að hafa.
- Efnistöku, hönnun mannvirkja og umhverfisfrágang.

Með hliðsjón af ofangreindri ákvörðun voru í kjölfarið unnin drög að tillögu að matsáætlun og tillaga að matsáætlun skv. lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og tillögurnar kynntar í samræmi við málsmeðferðarreglur laganna. Í ákvörðun Skipulagsstofnunar um tillögu Arctic Hydro að matsáætlun var m.a. fjallað um vistgerðir og gróður. Þar kom fram að Skipulagsstofnun telur þörf á því að í frummatsskýrslu sé gerð grein fyrir vistgerðum á framkvæmdasvæðinu, lagt mat á verðmæti þess gróðurs og vistgerða sem þar er að finna og áhrif framkvæmdanna á þá þætti. Jafnframt óskaði stofnunin eftir því að gerð yrði grein fyrir mögulegum mótvægisaðgerðum, eftir því sem við á.

Að beiðni Arctic Hydro var verkfræðistofan EFLA fengin til að taka saman yfirlit yfir vistgerðir við fyrirhugaða Hólsvirkjun. Jafnframt var óskað eftir því að kannað yrði hvort votlendi sem njóta verndar skv. a-lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd væri að finna á svæðinu. Loks var óskað eftir álitum á mögulegum áhrifum framkvæmdarinnar á bakkagróður, sem skv. 62. gr. sömu laga skal leitast við að viðhalda. Hér verður gerð grein fyrir niðurstöðum þessarar úttektar.


## 2 RANNSÓKNARSVÆÐIÐ

Rannsóknar- eða viðmiðunarsvæði það sem hér er til umfjöllunar nær frá Fnjóská, við bæinn Ytri- Hól í Fnjóskadal, austur í Hólsdal og Gönguskarð (mynd 1). Svæðið er rúmt markað og tekur mið af farvegum Hólsár og Gönguskarðsár sem og fyrirhugaðri mannvirkjagerð í tengslum við virkjunina. Heildar flatarmál svæðisins er 988 ha.

Hólsá og Gönguskarðsá eru hluti af vatnasviði Árbugsár, en hún er dragá sem fellur í Fnjóská skammt frá bænum Þverá efst í Dalsmynni. Vatnasvið Árbugsár nær til fjallendisins austan Fnjóskadals. Hún sækir vatn sitt úr Flateyjdalsheiði í norðri en Finnsstaðadal, Hólsdal og Gönguskarði í suðri. Finnsstaðadalsá verður að Hólsá á leiðinni til Fnjóskár. Við Tungusporð rennur Gönguskarðsá í Hólsá og eftir það heitir sameinað vatnsfallið Árbugsá. Hún rennur í norðvestur frá Hólsdal þar til kemur að svokölluðum Árbug. Þar breytir áin um stefnu og tekur við vatni af Flateyjdalsheiði. Frá Árbug rennur áin í suðvestur að ármótum í Fnjóská (Sigbrúður Stella Jóhannsdóttir, Aðalsteinn Örn Snæpórsson og Þorsteinn Sæmundsson, 2016).

Í hlíðum Fnjóskadals einkennist svæðið af mishæðóttu landi með lítt grónum hæðum og vel grónum lægðum þar sem graslendi, fjalldrapamói, víðimói og stöku birkiplöntur eru áberandi. Votlendi liggur ofan við bæinn Ytri-Hól en þar fyrir ofan taka við fjalldrapamóar með stöku votlendisblettum, einstaka tjörnum og melakollum. Í hlíðum vestanverðs Hólsdals eru votlendistungur og smálækir sem falla í Hólsá. Á milli þeirra eru vel grónir fjalldrapamóar, snjóðældir með aðalbláberjalyngi og stöku melkollar. Þá er stór samfelld hallamýri á mótum við ármót Gönguskarðsár og Hólsár. Sunnan við hana eru gömul beitarhús. Svæðið á milli Hólsár og Gönguskarðsár er fremur þurrt mólendi með fjalldrapa og beitilyngi á milli ógróinna hæða. Svæðið austan Gönguskarðsár er hins vegar blautt og greinilegt á gróðurfari að það er mjög snjóþungt. Samkvæmt gróðurfarsúttekt Náttúrustofu Norðausturlands fara mannvirki Hólsvirkjunar einkum um vel gróin mólendi, votlendi og mela (Sigbrúður Stella Jóhannsdóttir o.fl., 2016).





**MYND 1** Mörk rannsóknar- og áhrifsvæðis fyrirhugaðrar Hólsvirkjunar.

### 3 AÐFERÐAFRÆÐI

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur unnið vistgerðakort fyrir allt Ísland, en með vistgerð er átt við staði eða svæði með ákveðnum einkennum, t.d. hvað varðar gróður- og dýralíf, jarðveg og loftslag (Jón Gunnar Ottósson, Anna Sveinsdóttir og María Harðardóttir, 2016). Grunn gögnin eru öllum aðgengileg á heimasíðu stofnunarinnar. Í júní 2017 voru vistgerðagögn sótt á vef stofnunarinnar. Gögnin voru síðan notuð til að útbúa vistgerðakort af svæðinu í ArcMap landupplýsingakerfinu. Reiknað var flatarmál einstakra vistlenda og -gerða fyrir:

- a) Rannsóknarsvæðið í heild.
- b) Áhrifasvæði framkvæmdarinnar. Það var skilgreint sem það svæði þar sem Arctic Hydro gerir ráð fyrir að vænta megi einhverra beinna áhrifa vegna framkvæmda, s.s. rask við vegagerð, lagningu pípa og fráveituskurðar, efnistöku, byggingu stöðvarhúss og gerð stíflna og inntakslóna.
- c) Árbakka. Nánar tiltekið var afmarkað 20 m belti til beggja átta út frá bökkum Hólsár, Gönguskarðsár og Árbugsár, frá inntakslónum að Fnjóská. Þetta er það svæði sem fyrirfram hefði mátt búast við einhverjum óbeinum áhrifum af framkvæmdinni á gróðurfur vegna skerts rennslis í árfarvegum hluta úr árinu.

Til að kanna hvort votlendi yfir 2 ha að flatarmáli, sem njóta verndar skv. a-lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, finnist innan rannsóknarsvæðisins var notast við vistgerðagögn Náttúrufræðistofnunar Íslands. Reiknað var flatarmál allra samliggjandi vistgerða sem flokkast sem votlendi, en undir það vistlendi falla eftirtaldar vistgerðir; djújavist, rekjuvist, sandamýravist, hrossanálarvist, runnamýravist á hálendi, runnamýravist á láglendi, rimamýravist, rústamýravist, starungsmýravist, hengistararflóavist, brokflóavist, starungsflóavist, tjarnastararflóavist og gulstararflóavist. Þar sem kortlagning vistgerða byggir að hluta á gervitunglamyndum og gögnin bentu til þess að votlendi væru víða á rannsóknarsvæðinu, en sundurslitin og illa tengd, var ákveðið að framkvæma einnig svokallaða hitakortsgreiningu (hotspot analysis með incremental spatial autocorrelation=210 m) á votlendissvæðum í ArcMap. Sú greining skoðar mismunandi svæði, eftir stærð og staðsetningu, og metur hversu líkleg sambærileg svæði eru til að vera hópuð saman. Þá var einnig keyrð Kernel density greining til að fá betri skilning á þéttleika votlendis á rannsóknarsvæðinu. Við staðsetningu mögulegs votlendis yfir 2 ha á áhrifasvæði framkvæmdarinnar var einnig horft til gróðurfarsúttektar Náttúrustofu Norðausturlands (Sigbrúður Stella Jóhannsdóttir o.fl., 2016). Þau

votlendi sem til greina komu voru afmörkuð og flatarmál þeirra reiknað, ýmist með því að ganga umhverfis votlendið með Garmin GPS tæki eða út frá hnitsettri loftmynd með 20 cm upplausn sem verkfræðistofan EFLA gerði af svæðinu.

Vettvangsferð var farin um svæðið þann 14. ágúst 2017 í blíðskaparveðri; sól, 10°C hita og hægum sunnan andvara. Vettvangsvinnu önnuðust Jón Ágúst Jónsson, líffræðingur hjá EFLU og Pawel Wasowicz, líffræðingur hjá Náttúrufræðistofnun Íslands. Með í för var Árni Sveinn Sigurðsson, starfsmaður EFLU og hönnuður virkjunarinnar. Í vettvangsferðinni var áhersla lögð á:

- a. Að afmarka votlendissvæði á áhrifasvæði virkjunarinnar sem talin voru líkleg til að vera yfir 2 ha að flatarmáli.
- b. Að meta möguleg áhrif skerts rennslis í farvegi Hólsár, Gönguskarðsár og Árbugsár í kjölfar framkvæmda á nálægan bakkagróður. Skoðað var svæðið frá inntakslónum í Hólsá og Gönguskarðsá niður að ármótum Árbugsár og Fnjóskár. Við matið var einkum horft til þess að hve miklu leyti gróður á árbökkum væri háður vatni úr Hólsá og Gönguskarðsá. Þau svæði sem talin voru líkleg til að verða fyrir áhrifum af skertu rennsli voru afmörkuð með því að ganga umhverfis þau með Garmin GPS tæki.
- c. Að kanna hvort á áhrifasvæðinu væri birkiskógur sem mögulega nyti verndar skv. b-lið 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013, líkt og vistgerðakort Náttúrufræðistofnunar Íslands gaf til kynna.

## 4 NIÐURSTÖÐUR OG UMRÆÐA

### 4.1 Vistgerðir

#### 4.1.1 Vistgerðir á rannsóknarsvæðinu


Samkvæmt vistgerðaflokkun Náttúrufræðistofnunar Íslands er rannsóknarsvæðið allvel gróið. Fjöldi vistgerða er 41, þar af eru 14 með hátt eða mjög hátt verndargildi. Mólendi er ríkjandi vistlendi á svæðinu. Alls eru um 540 af 988 ha rannsóknarsvæðisins vaxnir mólendi. Algengustu mólendisvistgerðirnar eru; lyngmóavist á láglendi, fjalldrapamóa-, grasmóa-, fléttumóa-, flagmóa- og víðikjarrvist. Graslendi þekur tæp 14% svæðisins, eða 133 ha. Þar af eru snarrótarvist, grasengjavist og língresis- og vingulsvist algengustu vistgerðirnar. Starungsmýravist er ríkjandi votlendisvistgerð á svæðinu með um 10% af 12% heildar þekju votlendis. Moslendi þekur rúm 4% svæðisins sem skiptast jafnt á milli vistgerðanna hélumosavist, melagambrovist og hraungambrovist. Þekja annarra vistlenda er undir 4% (tafla 1, mynd 2).

#### 4.1.2 Vistgerðir á áhrifasvæði framkvæmdarinnar

Um 34 ha rannsóknarsvæðisins flokkast undir áhrifasvæði framkvæmdarinnar, en á því svæði má gera ráð fyrir einhverju beinu raski vegna framkvæmda. Samsetning vistgerða á áhrifasvæðinu er mjög sambærileg við rannsóknarsvæðið. Helsti munurinn er sá að á áhrifasvæðinu eru engar skriður og klettur. Þess í stað er þar aðeins meira af fjalldrapamóavist, grasengjavist og snarrótarvist. Algengustu vistgerðirnar á áhrifasvæðinu eru; fjalldrapamóavist (6,1 ha), lyngmóavist á láglendi (4,7 ha), starungsmýravist (3,8 ha), snarrótarvist (2,7 ha), fléttumóavist (2,4 ha) og grasengjavist (2,4 ha) (tafla 1, mynd 2).

**TAFLA 1** Flatarmál (ha) og verndargildi vistgerða á rannsóknar- og áhrifasvæði Hólsvirkjunar og 20 m belti með árfarvegi milli inntakslóna og Fnjóskár. Til hliðsjónar er sýnt heildarflatarmál (km<sup>2</sup>) viðkomandi vistgerða á Íslandi. Byggt á vistgerðaflokkun Náttúrufræðistofnunar Íslands (Jón Gunnar Ottósson o.fl., 2016).

Vistlendi	Vistgerð	Verndargildi	Rannsóknarsvæði		Áhrifasvæði		Árbakki		Ísland km <sup>2</sup>
			ha	%	ha	%	ha	%	
<b>Votlendi</b>									
	Dýjavist	Miðlungs	0,7	0,1	0,0	0,0	0,0	0,0	26
	Gulstararflóavist	Mjög hátt	0,7	0,1	0,0	0,1	0,1	0,1	181
	Hrossanálarvist	Miðlungs	0,9	0,1	0,1	0,2	0,4	0,5	208
	Brokflóavist	Mjög hátt	1,0	0,1	0,0	0,1	0,4	0,5	673
	Starungsflóavist	Mjög hátt	0,2	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	102
	Starungsmýravist	Mjög hátt	101,1	10,2	3,8	11,0	7,8	11,0	3.985
	Rekjuvist	Miðlungs	3,7	0,4	0,2	0,5	1,1	1,6	608
	Runnamýravist á láglendi	Mjög hátt	1,7	0,2	0,0	0,0	0,1	0,1	631
	Runnamýravist á hálendi	Hátt	7,6	0,8	0,1	0,2	0,1	0,1	223
			<b>117,5</b>	<b>11,9</b>	<b>4,1</b>	<b>12,1</b>	<b>9,9</b>	<b>14,0</b>	
<b>Ferskvatn</b>									
	Vötn		0,1	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	1.760
	Ár		33,6	3,4	0,8	2,4	16,0	22,6	1.095
			<b>33,7</b>	<b>3,4</b>	<b>0,8</b>	<b>2,4</b>	<b>16,0</b>	<b>22,6</b>	
<b>Eyrar</b>									
	Eyравist	Lágt	<b>0,2</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,1</b>	684
<b>Melar- og sandlendi</b>									
	Eyðimelavist	Lágt	12,2	1,2	0,4	1,2	2,0	2,8	13.314
	Grasmelavist	Lágt	7,6	0,8	0,1	0,4	1,8	2,5	3.459
	Víðimelavist	Lágt	15,6	1,6	0,7	2,1	1,9	2,7	2.709
	Sanda- og vikravist	Lágt	2,4	0,2	0,1	0,3	0,7	0,9	2.668
			<b>37,8</b>	<b>3,8</b>	<b>1,4</b>	<b>4,1</b>	<b>6,4</b>	<b>9,0</b>	
<b>Skríður og klettur</b>									
	Ljónslappaskriðuvist	Lágt	8,3	0,8	0,0	0,0	0,1	0,2	3.373
	Urðarskríðuvist	Miðlungs	16,0	1,6	0,0	0,0	0,1	0,1	2.119
	Grasvíðiskriðuvist	Lágt	13,9	1,4	0,0	0,0	0,0	0,0	804
			<b>38,2</b>	<b>3,9</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,2</b>	<b>0,3</b>	
<b>Moslendi</b>									
	Hélu mosavist	Miðlungs	14,5	1,5	0,8	2,2	1,1	1,5	1.727
	Melagambrovist	Miðlungs	14,4	1,5	0,4	1,1	2,0	2,8	2.364
	Hraungambrovist	Lágt	14,8	1,5	0,4	1,3	1,2	1,6	5.435
			<b>43,7</b>	<b>4,4</b>	<b>1,6</b>	<b>4,6</b>	<b>4,2</b>	<b>6,0</b>	
<b>Graslendi</b>									
	Blómgresisvist	Miðlungs	0,2	0,0	0,0	0,0	0,1	0,2	141
	Grasengjavist	Hátt	44,8	4,5	2,4	7,0	3,7	5,2	694
	Língresis- og vingulsvist	Hátt	29,5	3,0	1,0	2,9	1,0	1,5	1.276
	Snarrótarvist	Hátt	55,5	5,6	2,7	8,0	2,8	4,0	607
	Stinnastaravist	Miðlungs	3,0	0,3	0,0	0,1	0,1	0,1	982
			<b>133,1</b>	<b>13,5</b>	<b>6,2</b>	<b>18,0</b>	<b>7,7</b>	<b>10,9</b>	
<b>Mólendi</b>									
	Fjalldrapamóavist	Miðlungs	128,1	13,0	6,1	17,8	4,3	6,1	5.184
	Fléttumóavist	Miðlungs	54,8	5,5	2,4	7,1	3,3	4,7	1.161
	Grasmóavist	Hátt	79,2	8,0	1,7	4,9	4,9	6,9	1.484
	Lyngmóavist á hálendi	Hátt	22,9	2,3	0,2	0,7	1,6	2,2	1.505
	Lyngmóavist á láglendi	Hátt	136,1	13,8	4,7	13,7	4,6	6,6	3.422
	Mosamóavist	Miðlungs	15,3	1,6	0,5	1,3	1,0	1,5	1.884
	Flagmóavist	Miðlungs	39,0	3,9	0,6	1,8	1,2	1,7	1.025
	Starmóavist	Miðlungs	26,4	2,7	0,7	2,2	1,5	2,2	2.348
	Víðikjarrvist	Mjög hátt	36,3	3,7	1,6	4,6	3,1	4,4	1.075
	Víðimóavist	Miðlungs	1,8	0,2	0,1	0,2	0,2	0,3	902
			<b>540,0</b>	<b>54,7</b>	<b>18,6</b>	<b>54,3</b>	<b>25,7</b>	<b>36,5</b>	
<b>Skóglendi</b>									
	Birkiskógur		<b>8,4</b>	<b>0,9</b>	<b>0,7</b>	<b>2,1</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	1.491
<b>Aðrar landgerðir</b>									
	Tún og akurlendi		31,1	3,2	0,8	2,2	0,4	0,6	1.803
	Þéttbýli og annað manngert land		3,0	0,3	0,1	0,2	0,1	0,1	361
	Skógrækt		1,1	0,1	0,0	0,0	0,0	0,0	423
			<b>35,2</b>	<b>3,6</b>	<b>0,8</b>	<b>2,4</b>	<b>0,5</b>	<b>0,7</b>	
	Samtals:		987,8	100,0	34,3	100,0	70,6	100,0	



**MYND 2** Vistgerðir á rannsóknar- og áhrifsvæði Hólsvirkjunar. Byggt á vistgerðagögnum Náttúrufræðistofnunar Íslands (Jón Gunnar Ottósson o.fl., 2016). Í viðauka 1 má sjá vistgerðakort af mögulegu áhrifsvæði virkjunarinnar í betri upplausn.

Af þeim 35 vistgerðum sem finnast innan áhrifasvæðis framkvæmdarinnar eru sex með mjög hátt verndargildi að mati Náttúrufræðistofnunar Íslands. Þær eru; starungsmýravist, víðikjarrvist, gulstararflóavist, brokflóavist, starungsflóavist og runnamýravist á láglandi. Þær þekja um 5,4 ha, eða 16% áhrifasvæðisins. Einkum er um að ræða starungsmýravist (3,8 ha) og víðikjarrvist (1,6 ha). Þekja hinna vistgerðanna er óveruleg, eða samtals um 0,1 ha. Á áhrifasvæðinu eru einnig sjö vistgerðir með hátt verndargildi skv. Náttúrufræðistofnun. Þær þekja 37% áhrifasvæðisins, eða 13 ha. Þessar vistgerðir eru; lyngmóavist á láglandi, grasmóavist, lyngmóavist á hálendi, snarrótarvist, grasengjavist, língresis- og vingulsvist og runnamýravist á hálendi. Af þeim vistgerðum sem hafa hátt eða mjög hátt verndargildi eru 11 á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar, þ.e. allar nema brokflóavist og lyngmóavist á hálendi (Jón Gunnar Ottósson o.fl., 2016) (tafla 1, tafla 2, mynd 2).

Með því að bera flatarmál einstakra vistgerða á áhrifasvæðinu saman við heildar flatarmál þeirra á rannsóknarsvæðinu má fá hugmynd um hvort verið sé að ganga nærri einhverri vistgerð á rannsóknarsvæðinu. Við skoðun á þessum hlutföllum kemur í ljós að vötn eru sú vistgerð sem er hlutfallslega mest af innan áhrifasvæðisins, samanborið við rannsóknarsvæðið, eða 14%. Um óverulegt svæði er að ræða, eða 0,01 ha. Sú vistgerð sem er næst í röðinni er birkiskógur, en skv. vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar lendir um 8% birkiskóga innan áhrifasvæðisins, eða 0,7 ha. Skoðun í vettvangsferð leiddi í ljós að meintur birkiskógur við fyrirhugað stöðvarhús er í raun fjalldrapamói með stöku birkitré (mynd 3). Hlutfall annarra vistgerða er frá 0 til 6%. Þannig benda gögnin ekki til þess að verið sé að ganga nærri neinni vistgerð á rannsóknarsvæðinu. Þegar flatarmál einstakra vistgerða á áhrifasvæðinu er borið saman við flatarmál þeirra á landsvísu kemur í ljós að snarrótarvist er sú vistgerð sem framkvæmdin gengur hlutfallslega næst, en þeir 2,7 ha af snarrótarvist sem lenda innan áhrifasvæðisins eru 0,004% af snarrótarvist á Íslandi. Hlutfall annarra vistgerða er ennþá lægra (tafla 1).



**MYND 3** Hér má sjá fjalldrapamóa með stöku birkitré vestan Fnjóskadalsvegjar eystri þar sem ráðgert er að reisa stöðvarhús Hólsárvirkjunar. Samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar Íslands flokkaðist svæðið sem birkiskógur.

**TAFLA 2** Flatarmál vistgerða (ha) eftir verndargildi á rannsóknar- og áhrifasvæði Hólsvirkjunar og 20 m belti með árfarvegi milli inntakslóna og Fnjóskár. Byggt á vistgerðaflokkun Náttúrufræðistofnunar Íslands (Jón Gunnar Ottósson o.fl., 2016).

Verndargildi vistgerða skv. Ní	Rannsóknarsvæði		Áhrifasvæði		Árbakki	
	ha	%	ha	%	ha	%
Mjög hátt	141.0	14.3	5.4	15.9	11.4	16.2
Hátt	375.6	38.0	12.8	37.3	18.7	26.4
Miðlungs	318.8	32.3	11.8	34.5	16.4	23.2
Lágt	75.1	7.6	1.8	5.4	7.7	10.9
Ómetið	77.3	7.8	2.4	6.9	16.5	23.3
	987.8	100.0	34.3	100.0	70.6	100.0

Ljóst er að framkvæmdin kemur til með að hafa í för með sér rask á þeim vistgerðum sem eru innan áhrifasvæðis framkvæmdarinnar. Líklega verða áhrifin minnst á melum og sandlendi en mest á votlendi. Miðað við dreifingu vistgerða með hátt eða mjög hátt verndargildi um rannsóknarsvæðið er vandséð að hægt sé að sneiða fram hjá þeim. Til að lágmarka áhrif framkvæmdarinnar á vistgerðir er mikilvægt að áhersla sé lögð á að á halda öllu raski í lágmarki. Þar sem þess er kostur er æskilegt að varðveita svarðlag og nýta við frágang yfirborðs á röskuðum svæðum.

#### 4.1.3 Vistgerðir með árfarvegi


Með árfarvegi, milli inntakslóna í Hólsá og Gönguskarðsá niður að Fnjóská, var skoðuð samsetning vistgerða á 20 m belti út frá árbökkum. Þetta er það svæði sem fyrirfram hefði mögulega mátt búast við einhverjum óbeinum áhrifum af framkvæmdinni á gróðurfar vegna skerts rennslis í árfarvegum. Heildar flatarmál svæðisins er 71 ha. Eins og við mátti búast svipar því einnig mjög til rannsóknarsvæðisins. Alls fundust 37 vistgerðir með árfarvegi. Algengastar voru; ár (16 ha), starungsmýravist (7,8 ha), grasmóavist (4,9 ha), lyngmóavist á láglendi (4,6 ha), fjalldrapamóavist (4,3 ha), grasengjavist (3,7 ha) og víðikjarrvist (3,1 ha). Af þeim vistgerðum sem fundust á svæðinu voru 13 með hátt eða mjög hátt verndargildi að mati Náttúrufræðistofnunar Íslands. Heildarþekja þeirra var 30,1 ha (tafla 1, mynd 2).

Samanburður á flatarmáli einstakra vistgerða innan árbakkasvæðis og rannsóknarsvæðis bendir til þess að hlutfallsleg þekja ákveðinna vistgerða sé nokkuð há á árbakkasvæðinu. Þannig eru sex vistgerðir með 20-56% af þekju sinni á rannsóknarsvæðinu innan árbakkasvæðisins, en það eru talsvert hærri hlutföll en á áhrifasvæðinu. Þær eru blómgresisvist (0,1 ha), hrossanálarvist (0,4 ha), brokflóavist (0,4 ha), rekvjavist (1,1 ha), sanda- og vikravist (0,7 ha) og grasmelavist (1,8 ha) (tafla 1). Þar sem árbakkasvæðið er um tvöfalt stærra en áhrifasvæðið er reyndar eðlilegt að hlutfallsleg þekja vistgerða endurspeglit í því. Hins vegar kann hærri hlutdeild einnig að skýrast af því að árbakkasvæðið henti ákveðnum vistgerðum betur, t.d. rakasæknum. Hvað sem því líður þá eru áhrif á einstakar vistgerðir með árfarvegi talin óveruleg þar sem árnar eru niðurgrafnar og vistgerðirnar sækja vatn sitt í fjöll og hlíðar ofan ána. Nánar er fjallað um möguleg áhrif framkvæmdarinnar á bakkagróður í kafla 4.3.




## 4.2 Votlendi


Votlendi eru dreifð um allt rannsóknarsvæðið. Þrátt fyrir að votlendi þeki 118 ha eru engir samfelldir votlendisflákar á rannsóknarsvæðinu yfir 2 ha að flatarmáli skv. vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (mynd 2). Hitakortsgreining benti til þess að áhrifasvæði framkvæmdarinnar skaraðist við votlendisfláka sem mögulega gætu náð 2 ha, ef þeir væru samtengdir, á þremur stöðum (A-C á mynd 4). Þegar prófað var að samtengja þessa fláka reyndist samanlagt flatarmál þeirra ennþá undir 2 ha. Til öryggis var ákveðið að skoða þessi svæði nánar. Svæði a og b reyndust bæði vera lítil votlendi, vel undir 2 ha, sem voru staðsett utan áhrifasvæðis framkvæmdarinnar í Fnjóskadal. Svæði c reyndist nokkuð stærra, eða 2,9 ha. Votlendið nýtur því verndar skv. lögum um náttúruvernd nr. 60/2013. Það er staðsett á Hálsi og samanstendur af starungsmýravist með stöku brokflóavist (mynd 5, mynd 6). Gert er ráð fyrir jöfnunarpró, pípum og vegi rétt sunnan við votlendið. Um 0,4 ha af suðurjaðri votlendisins lendir innan skilgreinds áhrifasvæðis. Æskilegt er að hlífa votlendinu.



**MYND 4** Hitakort af votlendissvæðum á áhrifasvæði framkvæmdarinnar. Jafnframt er sýnd gróf staðsetning þeirra svæða sem ástæða þótti til að skoða nánar m.t.t. þess hvort þar væru votlendi yfir 2 ha að stærð (A-D).



**MYND 5** Víðmynd (e. panorama) af votlendi á Hálsi. Handan þess má sjá Garðsfell. Gert er ráð fyrir jöfnunarþró og pípu við melhólinn sem myndin er tekin af.



**MYND 6** Staðsetning votlendis yfir 2 ha að stærð á áhrifsvæði Hólsvirkjunar. Einnig er sýnd staðsetning deigs graslendis við Árbugsá þar sem mögulega má vænta einhverra gróðurbreytinga í kjölfar skerts rennslis í ánum.

Vestan við ármót Hólsár og Gönguskarðsár er votlendi, svokölluð Vaðmýri, sem er vel yfir 2 ha að stærð (mynd 7). Norðan við það er gert ráð fyrir efnistökusvæði á um 0,75 ha lands. Líttill skiki (0,04 ha) á suðausturmörkum fyrirhugaðs efnistökusvæðis lendir innan Vaðmýri (mynd 6). Þar sem votlendið nýtur verndar skv. lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 er æskilegt að færa mörk fyrirhugaðs efnistökusvæðis út fyrir votlendið. Innar í Hólsdal er annað votlendi sem áhrifsvæðið þverar að hluta. Athuganir Náttúrustofu Norðausturlands bentu til þess að votlendið gæti verið yfir 2 ha (Sigprúður Stella Jóhannsdóttir o.fl. 2016). Afmörkun á votlendinu leiddi í ljós að það er um 1,4 ha að stærð. Votlendið nýtur því ekki verndar skv. lögum um náttúruvernd.



**MYND 7** Vaðmýri. Handan hennar má sjá Hólsöxl og inn Hólsdal.

Ofan við Vaðmýri þvera pípa og vegur litla votlendistungu á um 60 m kafla. Votlendið er um 0,3 ha að stærð og samanstendur af starungsmýravist og brokflóavist (mynd 8). Þar sem votlendið liggur ofan við Vaðmýri er mikilvægt að tryggja flæði vatns um votlendið. Í vesturhlíðum Hólsdals eru einnig nokkrar minni votlendistungur. Þrátt fyrir að þessi votlendi njóti ekki sérstakrar verndar skv. lögum er æskilegt að reyna að tryggja sem eðlilegast streymi vatns þar sem pípa eða vegur þverar þau. Að öðrum kosti er hættu á því að votlendistegundir víki fyrir þurrlendistegundum.



**MYND 8** Votlendið ofan við Vaðmýri sem til stendur að þvera með pípu.

### 4.3 Bakkagróður

Á efri hluta rannsóknarsvæðisins hafa Hólsá, Gönguskarðsá og Árbugsá grafið sig niður á stórgrýti og árbakkar því nokkuð hærrí en vatnsborð ána. Almennt eru bakkar nokkuð vel grónir. Þegar neðar dregur skiptast á klettagil og grónir bakkar. Hnappmosar (*philonotis sp.*) eru áberandi á grjóti í árfarvegi. Aðrar algengar tegundir með árbökkum á efri hluta svæðisins eru: fjallapuntur (*Deschampsia alpina*), bugðupuntur (*Avenella flexuosa*), hálingresi (*Agrostis capillaris*), skriðlíngresi (*Agrostis stolonifera*), ljónslappi (*Alchemilla alpina*), fjallasveifgras (*Poa alpina*), fjallafoxgras (*Phleum alpinum*), kornsúra (*Bistorta vivipara*), mýrfjóla (*Viola palustris*), loðvíðir (*Salix lanata*) og gulvíðir (*Salix phylicifolia*). Þegar komið er niður á Flateyjardalsheiði verða mólendistegundir meira áberandi á bökkum Árbugsár, s.s. fjalldrapi (*Betula nana*), krækilyng (*Empetrum nigrum*), beitilyng (*Calluna vulgaris*), sortulyng (*Arctostaphylos uva-ursi*) og hrossanál (*Juncus arcticus*). Á litlum áreyjum má gjarnan sjá snarrót (*Deschampsia cespitosa*) (mynd 10).




**MYND 9** Árbugsá neðan ármóta Hólsár og Gönguskarðsár. Myndin er lýsandi fyrir bakkagróður á svæðinu.



**MYND 10** Snarrótarpuntur á lítilli eyju neðan ármóta Árbugsár og Krókár.

Ljóst er að sá bakkagróður sem nú er í fyrirhuguðum lónstæðum mun eyðast og annar myndast við nýtt vatnsborð. Skert rennsli í árfarvegum neðan stífla hluta úr árinu getur einnig valdið einhverjum breytingum í tegundasamsetningu gróðurs. Þannig má gera ráð fyrir að rakasæknar tegundir geti vikið fyrir þurrlendistegundum. Þar sem talsverður fjöldi lítilla lækja rennur í árnar neðan við stíflur má gera ráð fyrir að áhrifin minnki nokkuð hratt niður vatnasviðið og séu orðin hverfandi neðan ármóta Árbugsár og Krókár. Þar sem farvegir eru niðurgrafnir eru áhrifin jafnframt bundin við mjög þröngt svæði næst árfarvegi. Einungis var eitt svæði talið í hættu á að verða fyrir gróðurbreytingum. Það er um 50 m neðan við ármót Hólsár og Gönguskarðsár, en þar dreifir áin úr sér yfir deigt graslendi. Svæðið er um 0,9 ha að flatarmáli og eru ríkjandi tegundir snarrót, bláberjalyng (*Vaccinium uliginosum*), fjalldrapi, mýrastör (*Carex nigra*) og bugðupuntur.



**MYND 11** Víðmynd af deigu graslendi neðan ármóta Hólsár og Gönguskarðsár þar sem mögulega má vænta einhverra gróðurbreytinga í kjölfar skerts rennslis í ánum.

Þar sem votlendi eru viðkvæm fyrir breytingum í vatnsbúskap var áhersla lögð á að kanna möguleg áhrif skerts rennslis í árfarvegum vegna virkjunarframkvæmda á votlendi næst árbakka. Á milli inntakslóna í Hólsá og Gönguskarðsá og langleiðina niður að ármótum Árbugsár og Krókár er nokkuð um votlendi við bakka ána. Þannig eru nokkur lítil votlendi á vesturbakka Hólsár, milli fyrirhugaðs inntakslóns og ármóta Gönguskarðsár og Hólsár. Lítil votlendi eru einnig við inntakslón norðan Gönguskarðsár. Þá eru nokkuð mörg votlendissvæði norðan Árbugsár. Öll eiga þessi votlendi það sameiginlegt að sækja vatn sitt í hlíðar ofan ána. Bæði virðist vera talsvert um litlar uppsprettur á svæðinu auk þess sem svæðið er snjóþungt. Þannig var nokkur snjór ennþá í Uxarskarði þegar vettvangsathugun fór fram í ágúst 2017. Eflaust eru því einhver votlendi undir áhrifum af snjóbráð frá gömlum sköflum. Við niðurgrafna árfarvegi mátti víða sjá lítil úrrennslis úr votlendi á bökkum árfarvega (mynd 12). Þar sem votlendin eru ekki háð vatni í ánum má gera ráð fyrir að skert rennsli í kjölfar virkjanaframkvæmda hafi engin áhrif á þessi votlendi eða önnur gróðurlendi ofan árfarvega.



**MYND 12** Nokkur dæmi um úrrennslis úr votlendissvæðum norðan Gönguskarðsár (a) og Árbugsár (b, c og d).

## 5 HEIMILDIR

EFLA (2016). Hólsvirkjun í Fnjóskadal - 5,5 MW vatnsaflsvirkjun. Greinargerð með tilkynningu til ákvörðunar um matsskyldu. Unnið fyrir Arctic Hydro. Verkfræðistofan EFLA.


Jón Ágúst Jónsson og Snævarr Örn Georgsson (2017). Hólsvirkjun í Fnjóskadal – 5.5 MW vatnsaflsvirkjun. Tillaga að matsáætlun. Unnið fyrir Arctic Hydro. Verkfræðistofan EFLA, 5901-001-MAT-002-V01.

Jón Gunnar Ottósson, Anna Sveinsdóttir og María Harðardóttir (ritstj.) (2016). Vistgerðir á Íslandi. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 54. 299 bls.

Sigprúður Stella Jóhannsdóttir, Aðalsteinn Örn Snæþórsson og Þorsteinn Sæmundsson (2016). Jarðfræði, gróðurfar og fuglalíf á áhrifasvæði Hólsvirkjunar. Unnið fyrir Arctic Hydro. Náttúrustofa Norðausturlands, NNA-1604.

**VIÐAUKI A VISTGERÐIR Á ÁHRIFASVÆÐI HÓLSVIRKJUNAR**





**Skýringar**

**Vistgerðir á áhrifasvæði**

**Votlendi**

- Gulstararflóavist
- Hrossanálarvist
- Brokflóavist
- Starungsflóavist
- Starungsmýravist
- Rekjuvist
- Runnamýravist á láglendi
- Runnamýravist á hálandi

**Eyrar**

- Eyravist

**Aðrar landgerðir**

- Tún og akurlendi
- Þéttbýli og annað manngert land

**Melar - og sandlendi**

- Eyðimelavist
- Grasmelavist
- Víðimelavist
- Sanda- og vikravist

**Ferskvatn**

- Vötn

**Birkiskógur**

- Birkiskógur

**Moslendi**

- Hélumosavist
- Melagambravist
- Hraungambravist


**Graslendi**


- Grasengjavist
- Lingresis- og vingulsvist
- Snarrótarvist
- Stinnastararvist

**Mólandi**


- Fjalldrapamóavist
- Fléttumóavist
- Grasmóavist
- Lyngmóavist á hálandi
- Lyngmóavist á láglendi
- Mosamóavist
- Flagmóavist
- Starmóavist
- Víðikjarrvist
- Víðimóavist

Source: Esri, DigitalGlobe, GeoEye, Earthstar Geogra, and the GIS User Community





Skýringar	
<b>Vistgerðir á áhrifasvæði</b>	
<b>Votlendi</b>	
	Gulstararflóavist
	Hrossanálarvist
	Brokflóavist
	Starungsfloavist
	Starungsmýravist
	Rekjuvist
	Runnamýravist á láglendi
	Runnamýravist á hálendi
<b>Eyrar</b>	
	Eyravist
<b>Aðrar landgerðir</b>	
	Tún og akurlendi
105 Reykjavík

Hafnarfjörður 25. janúar 2018  
Tilv. 2018-01-03-0022

**Efni: Varðar frummatsskýrslu vegna fyrirhugaðrar Hólsvirkjunar í Fnjóskadal**

Í bréfi dagsettu 29. desember leitar Skipulagsstofnun umsagnar Fiskistofu varðandi frummatsskýrslu vegna fyrirhugaðrar Hólsvirkjunar í Fnjóskadal.

Fiskistofa vísar til fyrri umsagnar sinnar um matskyldu framkvæmdarinnar (dags. 13.06 2018). Fiskistofa telur að nægilega sé gerð grein fyrir áhrifum fyrirhugaðrar virkjunar á lax- og silungastofna og veiðihagsmunum.

Fiskistofa gerir því ekki athugasemdir við frummatsskýrsluna og niðurstöðu hennar sem snúa að lax- og silungastofnum og veiðihagsmunum.

Virðingarfyllt,

Guðni Magnús Eiríksson  
Sviðsstjóri lax- og silungsveiðisviðs



## Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra

Kl. 470 199-2029 · Akureyrarbeld · Funnelir 1 · 600 Akureyri · Sími: 462 4431 · Fax: 461 2090 · Netfang: hne@hne.is  
Hólsvirkubeld · Helgustétt 3 · 640 Hósvík · Símar: 464 2690 og 666 6340 · Netfang: oggi@hne.is

Akureyri, 12. febrúar 2018

Skipulagsstofnun  
b.t. Sigurðar Ásbjörnssonar  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík

### Efni: Umsögn um frummatsskýrslu um Hólsvirkjun í Fnjóskadal

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar, dags. 29. desember 2017, þar sem óskað er eftir umsögn Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra (HNE) um frummatsskýrslu um Hólsvirkjun í Fnjóskadal; 5,5 MW vatnsaflsvirkjun.

Að mati HNE gerir umrædd frummatsskýrsla fullnægjandi grein fyrir þeim þáttum fyrirhugaðrar framkvæmdar sem snúa að embættinu. HNE veitir jákvæða umsögn um skýrsluna.

Fyrir hönd Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra,

---

María Markúsdóttir  
heilbrigðisfulltrúi

Skipulagsstofnun  
 Sigurður Ásbjörnsson  
 Laugavegi 166  
 150 REYKJAVÍK

Garðabær, 01. febrúar 2018  
 2018010033/42-0  
 TB  
 jgo/tb

**Hólsvirkjun í Fnjóskadal, 5,5 MW vatnsaflsvirkjun, frummatsskýrsla - umsögn**

Visað er til bréfs frá Skipulagsstofnun, dags. 29. desember 2017, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frummatsskýrslu vegna Hólsvirkjunar í Fnjóskadal.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir frummatsskýrsluna og telur, út frá starfssviði stofnunarinnar, að miðað við umfang framkvæmda og staðsetningu virkjunarinnar þá sé gerð grein fyrir framkvæmdinni og umhverfisáhrifum hennar á fullnægjandi hátt svo leggja megi fram endanlega matsskýrslu. Jafnframt telur stofnunin að búið sé að gera grein fyrir þeim mótvægisáðgerðum sem eru mögulegar í þessari framkvæmd en sá þáttur byggir að miklu leiti á því að vel sé staðið að framkvæmdum almennt. Svæðið sem um ræðir er tiltölulega ósnortið af framkvæmdum og verði að virkjuninni og mótvægisáðgerðir eiga að ná tilætluðum árangri þarf að tryggja að allt rask verði í lágmarki, t.d. með góðum verkáttum og góðu eftirliti. Jafnframt að frágangur verði eins og gert er ráð fyrir í skýrslunni og að öll umgengni verði til fyrirmyndar. Í frummatsskýrslunni er lagt til að vakta gróður í a.m.k. fjögur ár og tekur Náttúrufræðistofnun undir það. Í skýrslunni er hins vegar ekki lögð til vöktun á fuglum, sérstaklega straumönd og gulönd með vísan til fyrri umfjöllunar um þetta mál, og byggir það á því að lítið er um þessar tegundir á svæðinu. Þrátt fyrir þessa niðurstöðu í frummatsskýrslunni telur Náttúrufræðistofnun að það sé ástæða til að skoða hvort þetta svæði í heild sé ekki eðlilegur hluti af vöktun á framangreindum tegundum og samlegðaráhrifum á þær á Norðurlandi eystra verði t.d. af öðrum framkvæmdum sem hafa áhrif á þær. Slík vöktun er auðvitað ekki á ábyrgð eins virkjunaraðila. Vöktun á þessu svæði þarf ekki að vera umfangsmikil.

Virðingarfyllt



Jón Gunnar Ottósson  
 forstjóri



Trausti Baldursson



Skipulagsstofnun  
Sigurður Ásbjörnsson  
Borgartúni 7 b  
105 Reykjavík

Akureyri 25. janúar 2018  
M/201801-0018/ 6.07 / R.L.

## Efni: Hólsvirkjun í Fnjóskadal – umsögn um mat á umhverfisáhrifum

Með bréfi dagsett 29. desember óskaði Skipulagsstofnun eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar Hólsvirkjunar í Fnjóskadal. Meðfylgjandi var frummatsskýrsla dagsett 28. desember 2017.

Fornleifaskráning hefur verið unnin á skipulagssvæðinu (Kristborg Þórsdóttir, 2016, *Deiliskráning fornleifa vegna mats á umhverfisáhrifum Hólsvirkjunar*. Fornleifastofnun Íslands, FS625-12052.). Alls voru skráðir 42 fornleifastaðir innan skipulagssvæðisins. Þar af eru 28 staðir innan skilgreinds rasksvæðis og 14 utan rasksvæðis.

Minjavörður fundaði með svæðisstjóra EFLU á Norðurlandi sem tjáði honum að í flestum tilvikum væri hægt að komast hjá raski á fornleifum við framkvæmdir að undanskildum um tveimur til fimm kolagröfum.

*Minjavörður og svæðisstjóri EFLU á Norðurlandi gerðu með sér það samkomulag að fara yfir öryggismál fornleifa á vettvangi við fyrsta tækifæri þegar aðstæður leyfa og þá skýrist hvaða minjum framkvæmdirnar munu óhjákvæmilega raska og hverjum er hægt að hlífa. Í framhaldi mun Minjastofnun útlista hvort ráðast þurfi í frekari breytingar á skipulagi virkunarinnar eða hvaða mótvægisáðgerðir þarf að ráðast í til bjargar fornleifum sem og kröfur sínar til framkvæmdar þeirra.*

Valdið er athyggfjá þá að skv. 37. gr. laga um vaxningarmálar er. 80/2012 eru tilvarðandi Minjastofnunar Íslands skv. 30., 33., 34., 38., 41. og 43. gr. sömu laga endurséðar á skjámyndavélinni og skilið komandi til aðra stjórnsáðis. Aðrir hlutar er valdið athyggfjá þá að skv. 31. gr. skjámyndavélinni nr. 27/1993 gætur aðlið málið óskilð eftir skriflegum rökunahringi stjórnsáðis fyrir ákveðnan lagf. skilríki rökunahringur ekki fylgt ákveðnum fjögur hliðar skilgreint. Skilríki um rökunahring fyrir ákveðnan skil. laga fram liggur 14 daga frá því að skilið var skilgreint ákveðnum og skil stjórnsáðis máttu liggja fram 14 daga frá því hlið liggja.



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Minjavörður Norðurlands  
eystra

Borgum 7/Norðurslóð  
600 Akureyri

(354) 570 13 15  
(354) 892 17 00

[www.minjastofnun.is](http://www.minjastofnun.is)  
Kennitala: 440113-0280

Rúnar Leifsson  
Minjavörður Norðurlands  
eystra  
[runar@minjastofnun.is](mailto:runar@minjastofnun.is)

*Minjastofnun fer fram á að allar skráðar fornleifar verði vel merktar og girtar af áður en framkvæmdir hefjast. Í þessum tilgangi er best að setja litríka flagglínu utan um hvern minjastað.*

Athygli er vakin á því að fornleifar eru fríðaðar skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012. Í 1. mgr. 21. gr. þeirra laga segir jafnframt: „Fornleifum [...] jafnt þeim sem eru fríðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Í 22 gr. sömu laga kemur fram að 15 metra fríðhelgað svæði er umhverfis fríðaðar fornleifar. Hvers konar rúskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á fríðhelguðu svæði eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands.

Skv. skipulagstillögu og skráningarskýrslu munu framkvæmdir raska friðuðum fornleifum og/eða lenda innan fríðhelgaðs svæðis þeirra í 28 tilvikum. Þau eru:

SP-109:008 Hólbrekka gata, leið  
SP-109:026 Hólssel tóftaþyrping, sel  
SP-109:036 garðlag, túngarður  
SP-109:039 garðlag, vörslugarður  
SP-109:046 náma, torfrista  
SP-109:051 tóft, óþekkt  
SP-109:059 gryfja, kolagröf  
SP-109:062 gryfja, kolagröf  
SP-109:063 gryfja, kolagröf  
SP-109:064 gata, leið  
SP-109:066 þúst, óþekkt  
SP-109:069 tóft+garðlag, útihús+túngarður  
SP-109:070 gryfja, kolagröf  
SP-109:071 gryfja, kolagröf  
SP-109:072 gryfja, kolagröf  
SP-109:073 gryfja, kolagröf  
SP-110:053 náma, mógrafir  
SP-110:055 náma, mógrafir  
SP-110:058 náma, mógrafir  
SP-110:059 gata, leið  
SP-110:060 gryfja, kolagröf  
SP-110:062 garðlag, óþekkt

SP-110:064 gryfja, kolagröf  
SP-110:065 gryfja, kolagröf  
SP-110:068 garðlag, vörslugarður  
SP-631:019 Gönguskarð gata, leið  
SP-631:019 Gönguskarð varða O  
SP-631:019 Gönguskarð varða H

Til viðbótar við þessa upptalningu úr skráningarskýrslunni þarf að nefna SP-109:028 Draflastadassel, SP-109:052 tóft og SP-109:066 þúst. Þetta eru viðkvæmis staðir fast við framkvæmdasvæðið þar sem þarf að sýna sérstaka aðgát.

Ef framkvæmdaraðili getur ekki tryggt öryggi þeirra fornleifa sem tilgreindar eru hér að ofan vegna fyrirhugaðra framkvæmda, mun Minjastofun gefa fyrirmæli um mótvægisáðgerðir sem verða grundvöllur þess að leyfi fái til röskunnar. Mótvægisáðgerðir myndu felast í fornleifauppgrefti sem eftir atvikum geta verið könnunarskurðir sem og allsherjar uppgreftur fornleifa. Mótvægisáðgerðir þessar þurfa að vinnast af hæfum fornleifafræðingi í samráði við minjavörð Norðurlands eystra.

Undantekningar frá þessu eru leiðir SP-109:008, SP-110:059 og SP-631:019, sem óhjákvæmilegt yrði að þvera með þrýstipípu úr uppistöðulónum í stöðvarhús. Leiðirnar hafa þegar verið mældar nákvæmlega á kort með gsp-tæki og telst það fullnægjandi mótvægisáðgerð. Athugið þó að þetta á ekki við um vörður á leiðunum.

Þær kolagrafir sem verða fyrir raski þarf að rannsaka með uppgrefti, m.a. með það fyrir augum að tímasetja þær og kanna innri gerð.

Vegna mögulegra fornleifarannsóknna er vert að hafa í huga 28. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, en þar segir m.a.:

„Framkvæmdaraðili greiðir kostnað við þær rannsóknir á fornleifum sem Minjastofnun Íslands ákveður að séu nauðsynlegar vegna fyrirhugaðra framkvæmda.“

Í deiliskipulagi var gert ráð fyrir að vegur lægi í gegnum selstæði Hólssels (SP-109:026). Í skráningarskýrslu segir m.a. á bls. 13: „Miðlína vegarins er 5-6 m vestan við tóftir F og I og eru þær því í stórhættu vegna vegagerðar. Seljatóftirnar mynda eina heild og lendir minjahléðin öll í stórhættu við vegagerð í gegnum selstæðið.“ Í umsögn sinni um deiliskipulagið lagðist Minjastofun gegn því að



vegarinna yrði lagður í gegnum seltæðið og mæltist til að fundin yrði leið framhjá minjasvæðinu. Við þessu hefur verið orðið í nýrri útfærslu sem kynnt er í matsskýrslunni.

Lagning jarðstrengs frá Hólsvirkjun til Akureyrar er mikilvægur þáttur virkjunarframkvæmdanna, þó um sérstakt verkefni sé um að ræða, og er hluti af framkvæmdarleyfisskyldri heildarframkvæmd. Minjastofnun áréttar því hér að áður en endanleg staðsetning lagnaleiðar er samþykkt og áður en framkvæmdir hefjast þarf fornleifafræðingur að skrá lagnaleiðina og í framhaldi þarf tilлага að lagnaleiðinni að fá umsögn Minjastofnunar Íslands.

Nánari upplýsingar sem og leiðbeiningar um fagleg atriði má fá hjá undirrituðum.

Rétt er að velja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megj úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megj fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Virðingarfyllt,



Runar Leifsson  
Minjavörður Norðurlands eystra



Kristinn Magnússon  
Verkefnastjóri

**Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík**

Húsavík, 24.1.2018

**Efni:** Hólsvirkjun í Fnjóskadal – umsögn um frummatsskýrslu

Náttúruverndarnefnd Þingeyinga hefur fjallað um frummatsskýrslu vegna fyrirhugaðrar Hólsvirkjunar í Fnjóskadal, sbr. beiðni Skipulagsstofnunar um umsögn dags. 29. desember 2017. Eftirfarandi athugasemdir eru gerðar:

- Í umfjöllun um frágang að framkvæmdum loknum kemur eftirfarandi fram á bls. 31: „*Gert er ráð fyrir sáningu í sárin þar sem land er ræktað, og áburðargjöf í samráði við gróðurfræðing þar sem land er gróið en óræktað.*“ Náttúruverndarnefnd Þingeyinga telur að á raskvæðum ætti í öllum tilvikum, bæði á ógrónu og grónu landi, að taka svarðlag til geymslu og frágangs/uppgræðslu á framkvæmdasvæðum. Slíkur frágangur er enda í samræmi við deiliskipulag svæðisins og ýmis fyrirheit síðar í frummatsskýrslunni. Þannig verði náttúrulegum gróðri og fræbönkum komið fyrir í öll röskuð svæði, sem flýttir fyrir því að þau verði í samræmi við umhverfi sitt og þann gróður sem fyrir er. Mikilvægt er í þessu tilliti að horfa til framkvæmdasvæða þar sem vel hefur tekist til í þessum eignum, t.d. á Þeistareykjum.
- Í lýsingu á umhverfisáhrifum gagnvart útivist og ferðamennsku er ekkert er fjallað um þau áhrif sem framkvæmdin mun hafa á upplifun göngufólks sem fara mun um þá gömlu þjóðleið, Gönguskarð.
- Vatnalíf er meðal þess sem verður fyrir hvað mestum áhrifum af þessari framkvæmd, enda má búast við því að vatnsrennsli í Gönguskarðsá og Hólsá verði það lítið yfir vetrartímann að virkjunin muni nýta allt vatn í ánum. Líklegt er því að ekkert vatnsrennsli verði næst stíflunum á þessum árstíma. Ekkert er fjallað um þær tegundir smádýra sem safnað var í rannsókn sumarið 2017 og ekkert kemur fram um hvort um sjaldgæfar tegundir sé að ræða. Ekki virðast heldur hafa verið tekin botndýrasýni í Gönguskarðsá, einungis Hólsá og Árbugsá. Þá virðist einungis hafa verið leitað (rafveitt) að fiski á 70 m kafla á því svæði sem verður fyrir mestum áhrifum. Það er því vafa undirorpið hvort fiskur sé í Hólsá og Gönguskarðsá. Náttúruverndarnefnd Þingeyinga bendir á að þó dýralíf kunni að vera fábreytt í Hólsá og Gönguskarðsá gæti það vel verið fágætt og því þarf að gera betur grein fyrir því, verndargildi þess og þeim áhrifum sem stíflur og vatnsleysi munu hafa.
- Nefndinni þykir fullmikið gert úr samfélagslegum áhrifum þar sem orkan verður öll flutt út af svæðinu og seld inn á dreifikerfi raforku á landsvísu. Vissulega má þó gera ráð fyrir að framkvæmdin geti verið jákvæð fyrir landeigendur sem eiga vatnsréttindi, auk þess sem gert er ráð fyrir að þriggja fasa rafmagn verði leitt um sveitina samhliða framkvæmdum tengdum virkjuninni. Ákvörðunartaka um rask á náttúrunni verður að byggja á vegnu mati samfélags- og umhverfisáhrifa og því er mikilvægt að vægi samfélagsávinninga vegna Hólsvirkjunar sé ekki ýkt.

F.h. Náttúruverndarnefndar Þingeyinga,  
Þorkell Lindberg Þórarinsson, formaður

Skipulagsstofnun  
Sigurður Ásbjörnsson  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

30. janúar 2018  
UST201801-033/R.K.  
10.05.08

**Efni: Mat á umhverfisáhrifum – Frummatsskýrsla. Hólsvirkjun í Fnjóskadal.  
Umsögn**

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 29. desember 2017 þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um frummatsskýrslu ofangreindrar framkvæmdar. Umhverfisþættir til umfjöllunar eru jarðminjar, vatnafar, gróður, fuglar, vatnalíf, landnotkun, vernd, landslag og ásýnd.

**Lýsing framkvæmdar**

Til stendur að reisa 5,5 MW vatnsaflsvirkjun á vegum Arctic Hydro ehf. sem mun samanstanda af tveimur inntaksstíflum, stærri stíflan í Hólsá og minni við Gönguskarðsá. Þessar tvær ár sameinast í Árbugsá en virkjuðu vatni verður streymt í þrýstipípu yfir Háls að stöðvarhúsi sem stendur við Fnjóská, þangað sem frárennsli mun renna. Framkvæmdir fela í sér gerð tveggja stífla, inntakslóna, lagningu þrýstipípu og jöfnunarþróar, byggingu stöðvarhúss og gerð fráveituskurðar, vegslóða og nýtingu sjö efnistökusvæða. Stærð megin inntakslóns er 1,9 ha, en þess minna er 0,5 ha að stærð, og heildarlengd aðrennslispípu er 6.000 m. Rafmang verður tengt inn á dreifikerfi með 31 km löngum jarðstreng að aðveitustöð Rarik að Rangárvöllum á Akureyri. Auk þess er gert ráð fyrir uppsetningu á svefnaðstöðu fyrir starfsmenn, kaffiskúr með fundaraðstöðu og snyrtingu, við stíflu og stöðvarhús, á meðan á framkvæmdum stendur.

**Jarðmyndanir og efnistaka**

Í frummatsskýrslu kemur fram að pípurnar og lónin í Hólsá og Gönguskarðsá, verða lögð yfir lítt raskað land þar sem eru til staðar landform mynduð af framburði forrarr jökulár (bls. 68). Þá mun nýja vegslóðin frá Ytri-Hóli einnig vera lögð í lítið röskuðu landi. Hólsvirkjun mun hafa talsverð áhrif á þrjá nafnlausa fossa, sérstaklega á þann stærsta sem liggur bak við Garðsfell. Rennsli í fossinn verður um 20% af venjulegu rennsli yfir veturinn líkt og fram kemur í skýrslu. Umhverfisstofun telur slíkt rask á fossum sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga vera neikvætt.

Fram kemur í kafla 4.4 í skýrslu að framkvæmdir Hólsvirkjunar munu ekki raska landslagsheild jarðminja í lausum jarðlögum Fnjóskadals, þó svo skerðing verði á 10-20 m breiðu beltí innan þessarar heildar. Þó munu einstaka jarðmyndanir raskast að óverulegu leyti en að upphafleg landform verði varðveitt samkvæmt framkvæmdaraðila (bls. 70). Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við niðurstöðu um að heildaráhrif framkvæmda á jarðmyndanir séu óverulega neikvæð þar sem umræddar jarðminjar eru ekki á náttúruminjaskrá og njóta ekki sérstakrar verndar samkvæmt lögum, að fossunum frátöldum.

Alls verður efni fyrir framkvæmdir Hólsvirkjunar sótt í sjö efnistökusvæði. Í kafla 2.2 í frummatsskýrslu kemur fram að efnisþörf í aðalinntaksstíflu á Hólsdal verði um 10.000 m<sup>3</sup> og verði að mestu tekin úr lónsstæðinu. Við minni stíflu í Gönguskarðsá verður efnisþörf um 1.000 m<sup>3</sup>. Þá er talið að efnisþörf fyrir uppbyggingu á 5 km veg, sem nú er sumarfar slóði, sé 12.000 m<sup>3</sup>, en 15.000 m<sup>3</sup> fyrir lagningu þrýstípípu. Alls er gert ráð fyrir að heildarefnisþörf virkjunarframkvæmda sé um 30.000-40.000 m<sup>3</sup>, hámark 20.000 m<sup>3</sup> úr hverju efnistökusvæði. Þá kemur fram í skýrslu að ekki sé búið að kanna til fulls efnisgæði nýrra efnistökusvæða sem stefnt er á að nýta. Getur því áætlað efnismagn sveiflast á milli efnistökusvæða. Stofnunin telur að mat á gæðum efnis hvers efnistökusvæðis fyrir sig ætti að liggja fyrir í matskýrslu framkvæmdar, sem og magn þess efnis sem taka skal.

Umhverfisstofnun telur jákvætt að frágangur allra efnistökusvæða sé tekin fram í frummatsskýrslu og er mikilvægt að fjallað sé nánar um fyrirhugaðan frágang í matsskýrslu. Að mati stofnunarinnar er jákvætt að framkvæmdaraðili stefnir á að nýta heimasíðuna [www.namur.is](http://www.namur.is) til leiðbeiningar um efnistöku og frágang efnistökusvæða. Stofnunin bendir líka á að á vefsíðunni má einnig finna gagnlegar upplýsingar um uppgræðslu raskaðra svæða.

### **Landslagsásýnd og ósnortin náttúra**

Svæðið sem raskast við framkvæmdir flokkast ekki undir ósnortið víðerni eða friðlýst svæði vernduð skv. lögum. Hinsvegar má flokka svæðið sem viðkvæmt að því leyti að náttúra svæðisins er lítt snortin og að jarðmyndanir svæðisins gefa heildaryfirbragð sögu hörfandi jökuls, og er þar með mótað af náttúruöflunum.

Umhverfisstofnun telur jákvætt að í frummatsskýrslu sé tekið fram að hönnun og efnisval mannvirkja verði valin svo þau falli sem best að nærliggjandi umhverfi til að lágmarka skeðingu landslags og neikvæð áhrif á ásýnd svæðis (bls. 83). Þá telur stofnunin mikilvægt að gerð sé fagleg áætlun í matsskýrslu á því hvernig skal laga útlit mannvirkja að umhverfi.

Á bls. 29 í frummatsskýrslu er tekið fram að 31 km 33 kV niðurgrafinn jarðstrengur að aðveitustöð Rarik á Rangárvöllum, Akureyri, felli ekki undir lög um mat á umhverfisáhrifum (bls. 29). Umhverfisstofnun bendir á að í lögum nr.106/2000, flokki 10.21 í 1. viðauka, er tekið fram að „*lagning niðurgrafinna strengja/lagna 10 km eða lengri utan þéttbýlis eða óháð vegalengd á verndarsvæðum*“ falla undir B flokk framkvæmda sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og metið er í hverju tilviki með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort háðar skuli mati á umhverfisáhrifum. Varðandi frágang jarðstrengs í frummatsskýrslu segir: „*Gert er ráð fyrir sáningu í sárin þar sem land er ræktað, og áburðargjöf í samráði við gróðurfræðing þar sem land er gróið en óræktað*“ (bls. 31). Hér vill Umhverfisstofnun benda á að

æskilegt er að nota staðargróður við frágang jarðstrengs lagningar, þ.e. geyma svarðlag og leggja aftur yfir skurð, á óræktuðu landi. Þetta er svo að óviðeigandi gróður vaxi ekki í sárið og hafi slæm áhrif á landslagsásýnd svæðis.

Umhverfisstofnun tekur undir niðurstöðu frummatsskýrslu um að áhrif stíflna Hólsvirkjunar á landslag og ásýnd lands mun verða talsvert neikvæð þar sem stór hluti áhrifasvæðis mun vegna þeirra bera aukin merki mannvistar og rennsli í fossa mun skerðast stóran part af ári. Þá kann það að vera truflandi fyrir göngufólk að við part skipulagðrar gönguleiðar muni liggja þrýstipípa virkjunar og þar með auka stórlega ummerki um mannvist á svæðinu sem áður er fremur lítil í Hólsdal (bls. 81).

Tekið skal fram að stofnunin telur að vönduð vinnubrögð í frágangi teljast ekki til sérstakra mótvægisáðgerða í sjálfu sér. Frágangur yfirborðs skurða, með því að halda gróðurtorfum til haga og nýta við frágang svæðisins, eru vinnubrögð sem Umhverfisstofnun telur rétt að gera kröfu um þegar tekin er afstaða til leyfis fyrir Hólsvirkjun.

### **Gróðurlendi og vistgerðir**

Við framkvæmdir sem valda raski á landi og viðkvæmum vistgerðum skal taka m.a. mið af lögum nr. 60/3013 um náttúruvernd, lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og af alþjóðarsamningum sem varða líffræðilega fjölbreytni og verndun votlenda. Í frummatsskýrslu er gerð grein fyrir þeim vistgerðum sem verða fyrir raski, m.a. starungsmýravist og víðikjarrvist sem hvort tveggja hafa mjög hátt verndargildi skv. fjölríti Náttúrufræðistofnunar Íslands (2016). Innan áhrifasvæðis framkvæmda er töluvert landsvæði með þessum vistgerðum, eða um 18 ha skv. frummatsskýrslu (bls. 48). Röskun viðkvæmra vistgerða að þessu magni gengur gegn ákvæði 2. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 sem eiga að „ *tryggja ákjósanlega verndarstöðu einstakra vistgerða*“ að mati Umhverfisstofnunar. Ríkið hefur gengist undir skuldbindingar til að vernda líffræðilega fjölbreytni í Bernarsamningi sem kveður á um að viðhald á líffræðilegri fjölbreytni í íslenskri náttúru.

Líkt og kemur fram í frummatsskýrslu þá koma framkvæmdir til með að raska votlendi sem er yfir 2 ha að stærð og njóta því sérstakrar verndar skv. 63. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Við framkvæmdir sem valda raski á votlendum ber sérstaklega að hafa í huga Ramsarsamninginn um verndun votlendissvæða sem Ísland hefur aðild að. Umhverfisstofnun telur áform um að leggja jarðvegsdúk séu mikilvæg sem mótvægisáðgerð til að lágmarka vatnsborðslækkun og þurrkun votlenda við lagningu pípu líkt og NNA fjallar um (bls. 49). Þá tekur stofnunin undir með NNA með að „*mikilvægt er að tryggja sem eðlilegast steymi vatns á votlendissvæðum [...] Mikilvægt að vanda vel allan frágang*“. Umhverfisstofnun telur áform um að tryggja vatnssteymi um hallamýri með rörum við lagningu lagnar (bls. 56 og 88), vera jákvæð sem mótvægisáðgerð við röskun þess votlendis. Þá telur stofnunin að mikilvægt sé að gerð sé nákvæmt grein fyrir slíkum mótvægisáðgerðum í matsskýrslu framkvæmdar, þ.e. með hvað miklu millibili rör verða lögð og á hvað stóru svæði með viðeigandi korti.

Umhverfisstofnun tekur undir áform um að aðlaga mörk efnistökusvæðis sem sker Vaðmýri, votlendi yfir 2 ha að stærð, þannig að þau skerði ekki svæðið sem er undir sérstakri vernd. Annað votlendið, undir sérstakri vernd náttúruverndarlaga nr. 60/2013, sem skerðist vegna jöfnunarþróar, pípu og vegslóða, þar sem 0,4 ha af votlendum er innan áhrifasvæðis. Umhverfisstofnun telur ekki nægja að framkvæmdaraðilar stefni á að halda

raski í lágmarki, með því að sneiða frá eða með frágangi, heldur að markþækari mótvægisáðgerða sé þörf. Þá sé mikilvægt að endurheimta votlendi til að bæta upp þá skerðingu sem verður á sunnanverðum jaðri votlendis á Hálsi sunnan Garðsfells. Umhverfisstofnun mælir með endurheimt á svæði nálægt framkvæmdasvæði, ef mögulegt, og að samskonar votlendisgerð er skerðist verði endurheimt. Einnig telur stofnunin að mikilvægt sé að endurheimt vegna framkvæmda hefjist samtímis framkvæmdum. Áhrif sem framkvæmdir koma til með að hafa á gróðurlendi verða vöktuð í fjögur ár að framkvæmdum loknum skv. bls. 51 í frummatsskýrslu. Umhverfisstofnun telur þau vöktunaráform jákvæð og leggur til að vöktunaráætlun verði lögð fram með matsskýrslu framkvæmdar. Þá telur stofnunin að slík vöktun ætti einnig að gilda yfir votlendi í tengslum við endurheimt. Umhverfisstofnun bendir á reikniformúlu sem stofnunin gaf út svo hægt sé að reikna út stærð svæðis sem þarf að endurheimta til að veða upp á móti raski í votlendi.

Þar sem framkvæmdir muni raska votlendi undir sérstakri vernd og vistgerðum með hátt verndargildi er það mat Umhverfisstofnunar að framkvæmdir Hólsvirkjunar eru líklegar til að hafa verulega neikvæð áhrif á gróðurlendi svæðisins. Þar með tekur stofnunin ekki undir niðurstöðu frummatsskýrslu um að áhrifin verði óveruleg. Umhverfisstofnun ítrekar afstöðu sína í því að mikilvægt sé að ráðist verði í endurheimt votlendis samhliða framkvæmdum til að komast til móts við óumflýjanlegt raks sem verður vegna Hólsvirkjunar. Telur stofnunin að með fullnægjandi aðgerðum, í formi endurheimtar votlendis, er hægt að draga nokkuð úr neikvæðum áhrifum framkvæmda.

### **Bakkagróður, vatnafar og vatnalíf**

Ljóst er að rennsli í árfarvegum næst inntökum virkjunar mun vera lítið sem ekkert í allt að 5 mánuði á ári, frá janúar til maí, þar sem rennsli fer niður fyrir virkjað rennsli, líkt og sjá má á mynd 2.2 á bls. 19, í kafla 4.3 á bls. 60 og kafla 4.6 á bls. 67. Þá munu árfarvegur Gönguskarðsár nánast þorna upp með viðeigandi hættu á rofi og uppblæstri jarðvegs og mögulegu landbroti í bökkum. Er það mat Umhverfisstofnunar að gera ætti betur grein fyrir þessum mögulegum áhrifum Hólsárvirkjunar í matsskýrslu og skýra frá mótvægisáðgerðum. Þó er tekið fram að árfarvegur Hólsár mun ekki þorna algerlega vegna margra smálækja sem renna í áhrifakafla árinna úr vesturhlíð Hólsdals (bls 67).

Fram kemur í frummatsskýrslu að vatnalíf í Árbugsá og Fnjóská er fábreytt, líklegast sökum þess að árnar eru kaldar og næringarsnauðar. Mat sérfræðings er að Hólsvirkjun muni hafa óveruleg áhrif á framleiðslu og nýttar laxfiska. Álit sérfræðinga sem greindu botndýralíf Hólsá og Árbugsá var að það væri fábreytt, aðallega smávaxnar rykmýslirfur. Auk þess mældist framleiðni lág og sýrustig við eða lægra en 7. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við þessar niðurstöður sérfræðinga. Þó gerir stofnunin athugasemd á framsetningu gagna í frummatsskýrslu. Greinagóð mynd af svæðinu sem sýnir staðsetningu fossa í Fnjóská ásamt fyrirhuguðum mannvirkjum virkjunar í Hólsá og Gönguskarðsá með skýrum merkingum á punktum rafveiði 2015 og botnsýnatökum 2017, hefði verið ákjósanlegri framsetning á upplýsinga í frummatsskýrslu að mati Umhverfisstofnunar.

### **Fuglalíf**

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við niðurstöðu sérfræðinga að áhrif virkjunar munu líklegast hafa óveruleg áhrif á straumendur og gulendur eftir sérstaka athugun árið 2017, þar sem svæðið er ekki hentugt til að verka sem fæðustöðvar andfugla. Þá tekur

stofnunin undir með frummatsskýrslu þar sem fram kemur að framkvæmdir Hólsvirkjunar munu hafa óveruleg áhrif á þá fugla sem halda sig innan áhrifasvæðis. Hinsvegar telur Umhverfisstofnun að haga ætti framkvæmdum á þann hátt að lágmarka þau áhrif sem þær kunna að hafa á fuglavarp, t.d. með að tímasetja þunga framkvæmda utan varptíma.

Umhverfisstofnun telur jákvætt að samlegðaráhrif Hólsvirkjunar, Brúarvirkjunar og Svartárvirkjunar á stofn straumanda voru skoðuð sérstaklega. Mat sérfræðings er að heildaráhrif þessara þriggja virkjana á staumendur snerta innan við 0,5% af áætluðum heildarstofni, þ.a.l. vel innan talningarskekkju stofnsins, og gætir áhrifanna minnst af Hólsvirkjun. Stofnunin gerir ekki athugasemd við þessa niðurstöðu sérfræðings.

### **Annað**

Bent er á að merkingar á mynd 4.12 á bls. 69 eru illskiljanlegar vegna lélegrar upplausnar og telur stofnunin að allar myndir í matsskýrslu ættu að vera skýrar.

### **Niðurstaða**

Umhverfisstofnun telur áhrif Hólsvirkjunar í Fnjóskadal á umhverfisþætti, samkvæmt lýsingu í frummatsskýrslu, vera eftirfarandi í samræmi við vægiseinkunn áhrifa:

**Gróður.** Að áhrif verði talsvert neikvæð þegar tekið er tillit til allra þeirra vistgerða með hátt og mjög hátt verndargildi sem verða fyrir raski og þeim votlendum sem nýtur sérstakrar verndar sem verða fyrir raski. Þá telur Umhverfisstofnun nauðsynlegt að ráðist verði í endurheimt votlendis sem mótvægisáðgerð, sem unnið verði samhliða framkvæmdum, og að vökutunaráætlun um þá endurheimt verði gerð og fylgt eftir.

**Bakkagróður, vatnafar og vatnalíf.** Að áhrif verði óveruleg á vatnalíf, þ.e. fiska og botndýralíf, en talsvert neikvæð á vatnafar áhrifakafli ána þar sem árfarvegir munu þorna stóran part árs. Telur Umhverfisstofnun að skoða þurfi upplástursáhrif í árfarvegum og landbrot í bökkum betur í matsskýrslu framkvæmdar.

**Jarðmyndanir og efnistaka.** Að áhrif verði talsvert neikvæð á fossa sem njóta sérstakrar verndar en óveruleg á aðrar jarðmyndanir.

**Landslagsásýnd og ósnortin náttúra.** Að áhrif verði neikvæð en óveruleg vegna núverandi landnotkunar. Þó telur stofnunin að mótvægisáðgerðir í formi útlitshönnunar virkjunar nauðsynlegar til að draga úr þessum neikvæðu áhrifum og að lýsa ætti þeim nánar í matsskýrslu.

**Fuglalíf.** Að áhrif verði óveruleg á fuglalíf á svæðinu, þ.m.t. stofna straumanda og gulanda sem voru sérstaklega athugaðir.

Umhverfisstofnun hefur metið frummatsskýrslu framkvæmdar Hólsvirkjunar. Út frá þeim upplýsingum sem fram koma í frummatsskýrslu, með vísan til þess sem að framan segir, telur Umhverfisstofnun líklegt að umrædd framkvæmd hafi talsvert neikvæð umhverfisáhrif í för með sér, þá sérstaklega ef ekki verður ráðist í mótvægisáðgerðir lýst hér að ofan, til að draga úr áhrifum.

Beðist er velvirðingar á að dregist hefur að svara þessu erindi.

Virðingarfyllst



Rakel Kristjánsdóttir  
Sérfræðingur



Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík  
[jakob@skipulag.is](mailto:jakob@skipulag.is)  
[egill@skipulag.is](mailto:egill@skipulag.is)

Dags. 19.01.2018  
Tilv. 5618-0-0005  
Mál 2016-274  
0.5

Með bréfi dags. 29. desember sl. óskaði Skipulagsstofnun eftir umsögn Veðurstofu Íslands um mat á umhverfisáhrifum Hólsvirkjunar í Fnjóskadal, Þingeyjarsveit.

Veðurstofan vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum við texta í frummatsskýrslu um framkvæmdina:

Í stað „Fyrirhugað lönsstæði liggur þó nokkuð norðan við þessa snjóflóðafarveg.“ á bls. 65 í kaflanum *Jarðmyndanir á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði* komi „Fyrirhugað lönsstæði liggur þó nokkuð norðan við tíðustu snjóflóðafarvegina en af landslagi að dæma virðast snjóflóð þó geta fallið ofan í lönið úr fjallshlíðunum beggja vegna dalsins.“

Í stað „Rennslí Gönguskarðsár og Hólsár við fyrirhugað inntak virkjunar er að jafnaði minna en 2,6 m<sup>3</sup>/s yfir vetrarmánuðina en rennslíð er þó mjög háð árferði.“ á bls. 67 í kaflanum *Vatnafar og fossar* komi „Rennslí Gönguskarðsár og Hólsár við fyrirhugað inntak virkjunar er að jafnaði minna en 2,6 m<sup>3</sup>/s yfir vetrarmánuðina og mælingar í Árbugsá niður við Fnjóská sýndu aðeins 0,9 m<sup>3</sup>/s meðalrennslí frá desember 1976 til mars 1977. Rennslíð er þannig mjög háð árferði.“

Í stað „Töluverð ummerki um snjóflóðavirkni er að finna í námunda við fyrirhugað lönsstæði og ber að hafa það í huga ef fólk verður þar á ferð á veturna.“ á bls. 68 í kaflanum *Vatnafar og fossar* komi „Töluverð ummerki um snjóflóðavirkni er að finna í námunda við fyrirhugað lönsstæði og getur því verið mjög varasamt að vera þar á ferð á veturna þegar snjóalög eru óstöðug, sér í lagi innan við lönsstæðin.“

Virðingarfyllt,



Ámi Snorrason  
forstjóri VÍ





Píngeyjarsveit

S20602-20-03  
Kjarna - 050 Laugar  
Sími: 464 3322 – Félísími: 464 3423  
píngeyjarsveit@píngeyjarsveit.is  
www.píngeyjarsveit.is

Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík

Kjarna 22.01.2018

Efni: **Hólsvirkjun. Aðal- og deiliskipulag** S20180401

Sveitarstjórn Píngeyjarsveitar staðfesti eftirfarandi bókun skipulags- og umhverfisnefndar frá 11.01.2018 á fundi sínum þann 18. janúar sl.

„Þorist hefur erindi dags 29. desember 2017 frá Skipulagsstofnun þar sem óskað er eftir umsögn um frummatsskýrslu vegna fyrirhugaðra framkvæmda Arctic Hydró við 5,5 MW vatnaflsvirkjun, Hólsvirkjun, í Hólsá og Góngugarósa í Fnjóskadal í Píngeyjarsveit. Samkvæmt 10. gr. laga nr. 106/2000 óskar Skipulagsstofnun eftir því að Píngeyjarsveit gefi umsögn um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Umsagnaraðilar skulu gefa álit sitt í samræmi við 24. gr. reglugerðar nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum. Í umsögn skal umsagnaraðili á grundvelli starfssviðs síns gera grein fyrir hvort hann telji að á fullnægjandi hátt sé gerð grein fyrir fyrirhugaðri framkvæmd og umhverfi, umhverfisáhrifum og mati framkvæmdaáðila á þeim, þörf á að kanna tiltekin atriði frekar, mótvægisáhrifum og vöktun.

Á fundinn komu skýrsluhöfundarnir Ámi Sveinn Sigurðsson og Snævar Órn Georgsson frá Eflu verkfræðistofu sem gerðu grein fyrir efnis skýrslunnar og auk þeirra kom Rúnar Leifsson minjavörður frá Minjastofnun Íslands á fundinn og gerði grein fyrir forminjum á virkjunarsvæðinu og hugsanlegum áhættuþáttum vegna þeirra í tengslum við fyrirhugaðar framkvæmdir. Ragnar Bjarnason fulltrúi í sveitarstjórn mætti einnig á fundinn.

*Skipulags- og umhverfisnefnd þakkar gestum fundarins fyrir fróðlegar umræður og kynningar og er niðurstaða nefndarinnar eftir yfirferð á frummatsskýrslu eftirfarandi:*

<b>Matsspurningar:</b>	<b>Svör skipulags- og umhverfisnefndar:</b>
<i>Er gerð fullnægjandi grein fyrir fyrirhugaðri framkvæmd og umhverfi?</i>	Já.
<i>Er gerð á fullnægjandi hátt grein fyrir umhverfisáhrifum og mati framkvæmdaáðila á þeim?</i>	Já.

<i>Er þörf á að kanna tiltekin atriði frekar og þá hver?</i>	<i>Nei.</i>
<i>Er gerð á fullnægjandi hátt grein fyrir mótvægisáhrifum og vöktun?</i>	<i>Nefndin áskilur sér rétt til að setja nánari skilyrði um vöktun ákveðinna umhverfisþátta við útgáfu framkvæmdaleyfis.</i>

*Sveitarstjórn tekur undir með nefndinni og telur að gerð sé fullnægjandi grein fyrir fyrirhugaðri framkvæmd og umhverfi, umhverfisáhrifum og mati framkvæmda og ekki sé þörf á að kanna tiltekin atriði frekar. Sveitarstjórn tekur einnig undir með nefndinni að áskilja sér rétt til að setja nánari skilyrði um vöktun ákveðinna umhverfisþátta við útgáfu framkvæmdaleyfis.“*

Þetta tilkynnist hér með,

Virðingarfyllt,  
f.h. skipulags- og byggingarfulltrúa

*Margrét S. Snorradóttir*

Margrét S. Snorradóttir, ritari  
Skrifstofu Þingeyjarsveitar, Laugum

**VIÐAUKI I    ALMENNAR ATHUGASEMDIR UM FRUMMATSSKÝRSLU**



Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík, 19. febrúar 2018

## **EFNI: Athugasemdir Landverndar við frummatsskýrslu um allt að 5,5 MW vatnsaflsvirkjun í Hólsá og Gönguskarðsá nyrst í Fnjóskadal.**

Stjórn Landverndar hefur kynnt sér frummatsskýrslu Hólsvirkjunar í Fnjóskadal sem framkvæmdaraðilinn Arctic Hydro ehf. hefur tilkynnt til athugunar til Skipulagsstofnunar. Samkvæmt frummatsskýrslu er um að ræða allt að 5,5 MW vatnsaflsvirkjun með stíflum, inntakslónum, þrýstipípum, stöðvarhúsi, fráveituskurði, vegslóðum og efnistöðum. Hólsá og Gönguskarðsá, sem saman mynda Árbugsá, verða stíflaðar í um 310 m.y.s. og vatni veitt um aðrennslispípu að stöðvarhúsi á bakka Fnjóskár í 60 m.y.s.

Skipulagsstofnun ákvarðaði 27. febrúar 2017 að Hólsvirkjun í Fnjóskadal kunni að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Landvernd fékk frest hjá Skipulagsstofnun til 19. febrúar að skila inn athugasemdum sínum.

### **Rennslismælingar**

Í frummatsskýrslunni kemur fram að rennsli áa er breytilegt og háð árferði enda liggur svæðið hátt yfir sjó og þar er snjóþungt. Rennsli ána hefur ekki verið mælt samfelld í langan tíma og að langæisferill rennslis liggur því ekki fyrir. Á bls. 20 kemur fram að framleiðsluáætlun Hólsvirkjunar byggir á sjálfvirkum rennslismælingum þriggja ára, þ.e. 2012-2014 og að samanburður hafi verið gerður við rennsli til nálægar virkjana árin 2010, 2011 og 2015, en hvorki kemur fram hvaða virkjanir það eru eða niðurstöður úr þeim samanburði. Gert er ráð fyrir að virkjað rennsli verði um 2,6 m<sup>3</sup>/s, en á sex mánaða tímabili frá nóvember til apríl geti rennsli Hólsár farið undir þau mörk. Ekki er nefnt rennsli í Gönguskarðsá fyrir þetta sama tímabil.

Landvernd telur að þær rennslismælingar sem virkjunin byggir á séu ekki fullnægjandi og gerir athugasemdir við að ekki er hægt að meta samanburð sem gerður var við nálægar virkjanir. Þá kemur ekki fram hvort gert sé ráð fyrir að virkjunin framleiði rafmagn allan ársins hring.

### **Virkjanaframkvæmdir**

Í frummatsskýrslunni er lýst miklum framkvæmdum í tengslum við Hólsvirkjun. Stíflan í Hólsdal verður samtals 150 m að lengd, allt að 10 m há og stærð inntakslóns 1,9 ha. Í Gönguskarðsá verður einföld inntaksstífla með heildarlengd 70 m, 3 m hár stíflugarður og stærð lóns allt að 0,5 ha. Aðrennslispípur liggja frá báðum stíflunum að jöfnunarþró sem verður reist á hálsinum sunnan Garðfells. Frá jöfnunarþrónni liggur þrýstipípa áfram til vesturs að þjóðveginum austan Fnjóskár þar sem 110 m<sup>2</sup> stöðvarhús verður reist í landi Ytri-Hóls. Heildarlengd aðrennslispípu verður um 6 km. Rasksvæði meðfram pípu er almennt um 30 m breitt, en getur verið allt að 50 m. Þar að auki er gert ráð fyrir 5 m breiðu svæði meðfram pípunni til að varðveita yfirborðslag úr uppgreftri. Lagður verður nýr vegur frá Ytra-Hóli að pípastæði og meðfram pípu að tengingu á Hólsdal. Einnig verður lagður vegslóði meðfram pípu frá Gönguskarðsá og Hólsá verður þveruð á vaði. Núverandi slóði verður lagfærður á hálsinum sunnan Garðfells og með Hólsá frá Gönguskarðspípu að stíflu á Hólsdal. Krappar beygjur verða lagfærðar og slóðinn þarf að uppfylla lágmarksburðarlag. Gert er ráð fyrir að meðfram Hólsá þurfi að fjarlægja deigt undirlag. Samtals er reiknað með 5 km vegagerð í tengslum við virkjunarframkvæmdir.

Heildarefnisþörf virkjunarframkvæmda er talin vera um 30.000-40.000 m<sup>3</sup> sem fengið verður úr sjö efnistökusvæðum. Opnuð verða fjögur ný efnistökusvæði á og við framkvæmdasvæðið þar sem gott aðgengi er. Samhliða gerð virkjunarinnar verður lagður 33 kV jarðstrengur frá stöðvarhúsin að aðveitustöð Rarik á Rangárvöllum á Akureyri, samtals 31 km. Strengurinn verður plægður niður og er lagnaleiðin sýnd á korti mynd 2.19 bls. 30.

Landvernd telur að gifurlegt og óafturkræft rask verði á náttúrminjum í tengslum við fyrirhugaða virkjunarframkvæmd. Um er að ræða nær ósnortið landsvæði sem hefur mikið gildi sem slíkt. Rask sem gefið er upp vegna inntakslóna, pípulagna og námusvæða er um 45 ha svæði, við það bætist rask vegna vegaframkvæmda, jöfnunarþróar, stöðvarhúss og lagningu jarðstrengs.

Þá er gerð athugasemd við heildarefnisþörf virkjanaframkvæmda allt að 40.000 m<sup>3</sup> því út frá þeim tölum sem gefnar eru upp í skýrslunni er efnisþörf a.m.k. 38.000 m<sup>3</sup>. Í töflu 2.1 á bls. 28 eru gefin upp fimm ný efnistökusvæði en ekki fjögur, eins og kemur fram í texta.

Mikilvægt er að fyrirhuguð virkjunin tengist dreifikerfinu, en umfjöllun um þann hluta í skýrslunni er ábótavant að mati Landverndar. Kortið sem sýnir lagnaleið jarðstrengsins er ekki nákvæmt en svo virðist sem strengurinn fylgi vegum og slóðum mestan hluta leiðarinnar. Hins vegar er ljóst að jarðstrengur yfir Vaðlaheiði mun valda raski og telur Landvernd að endurskoða þurfi þann hluta með tillit til náttúruminja.

## Mat á umhverfisáhrifum

### Jarðminjar

Jarðminjar, landform og landslag á fyrirhuguðu virkjunarsvæði bera ummerki eftir ísaldarjökla síðasta jökulskeiðs fyrir um 18-20.000 árum og hörfunarsögu þeirra með hlýnandi loftslagi. Í Fnjóskadal mynduðust a.m.k. fjögur myndarleg jökullón í tengslum við framrás og hörfun skriðjökla á nærliggjandi svæðum. Víða má sjá ummerki þessarar jarðsögu t.d. í fornum strandlínunum, óseyrum og sethjölum. Þessar jarðminjar eru jarðfræðileg heild sem endurspeglar umhverfisaðstæður í lok ísaldar og eru einstakar á Íslandi. Svæðið hefur mikið vísindalegt gildi og þar hafa verið gerðar merkilegar rannsóknir innan ísaldarjarðfræðinnar.

Í sérfræðiálitni Hreggviðs Norðdahl jarðfræðings sem Skipulagsstofnun leitaði eftir í tengslum við jarðminjar á svæðinu segir:

*„Hreggviður telur jarðminjar í utanverðum Fnjóskadal vera hluta af einstakri landslagsheild, sem ekki verði skilin frá þeim hluta sem teygir sig suður eftir Fnjóskadal, allt til framdala hans í Bleiksmýrardal, Hjaltadal og Timburvalladal. Jafnframt kallist jarðsaga lausra jarðlaga í Fnjóskadal á við jarðsögu Eyjafjarðar og Bárðardals sem segi sögu loftslagsknúinna breytinga á útbreiðslu skriðjökla í Eyjafirði og Bárðardal. Þessi landslagsheild og jarðsögulega frásögn sé hvergi annars staðar til á Íslandi og sé af þeim sökum einstæð á landsmælikvarða. Nauðsynlegt sé að gera ítarlegra mat á jarðminjum í utanverðum Fnjóskadal áður en ákvörðun verði tekin um framkvæmdina.“ (Skipulagsstofnun, ákvörðun um matsskyldu, 27. febrúar 2017)*

Landvernd telur ekki ásættanlegt að svæði með einstaka landslagsheild, mikla jarðsögu og hátt vísindalegt gildi verði raskað vegna virkjanaframkvæmda. Ljóst er að efnistaka, lónstæði, pípu- og vegalagnir vegna virkjunarframkvæmda munu raska landformum og jarðmyndunum sem eru hluti af jarðfræðilegum heildum og sem eru mikilvæg vitneskja um afmarkað tímabil í jarðsögu landsins. Til dæmis er nær öll fyrirhuguð efnistaka vegna virkjanaframkvæmda úr þessum jarðminjum sem mynduðust í lok ísaldar svo sem malarhjallar, lónset, jökulset, áreyrar. Þar að auki er gert ráð fyrir að grafa þrýstipípu milli Ytri-Hóls og Garðs í gegnum fornar strandlínur jökullóna og malarhjalla sem mynduðust í lok ísaldar og tengjast jökulhörfun í Fnjóskadal. Í dag eru þessar jarðminjar að mestu óraskaðar innan fyrirhugaðs virkjunarsvæðis og þær verða ekki endurheimtar ef þeim verður raskað.

Landvernd telur að ekki hafi verið gerð nægileg grein fyrir jarðminjum í utanverðum Fnjóskadal í frummatsskýrslunni eins og Skipulagsstofnun lagði til. Þá er Landvernd ósammála vægiseinkunn í töflu 6.1 um umhverfisáhrif Hólsvirkjunar þar sem virkjunin er talin hafa óverulega neikvæð áhrif á jarðmyndanir.

### Vistgerðir

Innan virkjunarsvæðisins finnast 35 vistgerðir. Af þeim hafa 13 vistgerðir hátt eða mjög hátt verndargildi samkvæmt mati Náttúrufræðistofnunar Íslands og þar af eru 11 vistgerðir á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Samtals þekja vistgerðir með hátt eða mjög hátt verndargildi um 53% af áhrifasvæði virkjunarinnar.

Í töflu 4.1 á bls. 45 eru taldar upp vistgerðir á rannsóknasvæði og áhrifasvæði en ósamræmis gætit milli töflu og texta í skýrslunni.

Votlendi stærri en 2 ha að flatarmáli njóta sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd nr. 60/2013. Einungis tvö svæði innan framkvæmdasvæðisins uppfylla þau skilyrði þrátt fyrir að votlendi þeki samtals 118 ha á rannsóknarsvæðinu (Hólsvirkjun – frummatsskýrsla: Viðauki B).

Landvernd telur ljóst að vistgerðir með hátt verndargildi, votlendisfláka og fjölbreytt gróðurlendi á svæðinu munu verða fyrir verulegu raski vegna virkjunarframkvæmda.

### Fornminjar

Í frummatsskýrslunni kemur fram að skráðar eru 42 fornminjar þar af 41 innan skilgreinds helgunarsvæðis. Þar af eru 28 fornminjar innan framkvæmdasvæðisins og eru þær í mestri hættu að verða fyrir raski. Um er að ræða 10 kolagrafir, fimm leiðir, þrjár mógrafir, þrjá vörslugarða, einn túngarð, einn túngarð og útihús, eina ristu og eitt sel, auk tóftar, þústar og garðlags með óþekkt hlutverk.

Landvernd vill að kannað sé hvort fornminjar innan virkjunarsvæðisins njóti friðhelgunar skv. 22 gr. laga um menningarminjar 80/2012.

### Orkuskortur og raforkuöryggi

Í frummatsskýrslunni á bls. 93 stendur:

*„Framkvæmdin mun jafnframt auka raforkuframleiðslu á svæði þar sem orkuskortur í dag hamlar uppbyggingu og raforkuöryggi er ótryggt. Með Hólsvirkjun fylgir þriggja fasa rafmagn og tekjur fyrir íbúa Fnjóskadals. Hólsvirkjun er því talin hafa talsverð áhrif á atvinnulíf og efnisleg gæði í sveitarfélaginu og nágrenni og styðja við áframhaldandi byggð og samfélag á svæðinu.“*

Landvernd gerir athugasemdir við staðhæfingar um raforkuskort og raforkuöryggi.

f.h. stjórnar Landverndar

---

Lovísa Ásbjörnsdóttir, varaformaður